FRÉTTABLAÐIÐ

76. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 20. APRÍL 2021

Eldgosið við Fagradalsfjall á Reykjanesskaga hefur nú varað í einn mánuð. Í gær var ekki mikið skyggni yfir svæðið en þó nóg til að fanga fegurðina. Ekki gýs lengur úr nyrsta gígnum sem opnaðist á annan dag páska en að öðru leyti er gosið og hraunrennsli nokkuð stöðugt og ekki margar vísbendingar um að hætti að gjósa í bráð. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Engar sættir í fjölda MDE-mála

Íslenska ríkið náði ekki sáttum í minnst tólf málum sem eru til meðferðar hjá Mannréttindadómstól Evrópu og eru af sömu rót og Landsréttarmálið. Þau verða nú dæmd á grunni hins nýja dóms yfirdeildar.

DÓMSMÁL Ekkert verður af sáttum í að minnsta kosti tólf af þeim átján málum sem eru til meðferðar hjá Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) og byggja á sömu málsástæðum og Landsréttarmálið.

MDE setti málin í sérstakt sáttaferli skömmu fyrir áramót. Í erindum, sem ríkislögmanni og kærendum málanna bárust frá dómstólnum af því tilefni, kom fram að næðust ekki sættir í málunum færu þau til hefðbundinnar efnismeðferðar og dómsálagningar á grundvelli fyrirliggjandi dómafordæmis. Er þar vísað til niðurstöðu yfirdeildarinnar í Landsréttarmálinu sem kveðinn var upp 1. desember síðastliðinn.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hæstaréttarlögmaður

Var frestur til að ná sáttum upphaflega veittur til 16. mars en ríkislögmaður staðfesti við Fréttablaðið um miðjan síðasta mánuð að óskað hefði verið eftir lengri fresti til að ná sáttum í sautján af átján málum. Hinn framlengdi frestur rennur út fyrir hádegi í dag.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, sem fer með fyrirsvar í tólf af þeim sautján málum sem tekin voru til sáttameðferðar, staðfestir að sáttaumleitunum sé lokið án árangurs og hann hafi gert dómstólnum viðvart um það fyrir hönd umbjóðenda sinna.

Hann gefur þó ekki upp á hverju hafi strandað í sáttaumleitunum vegna skilyrðis um trúnað sem um þær gildi.

Embætti ríkislögmanns vildi ekki svara fyrirspurn Fréttablaðsins um málið í gær þar sem frestur inn væri ekki liðinn.

Um er að ræða sakamál í öllum tilvikum sem eru því marki brennd að hafa verið dæmd í Landsrétti af einhverjum hinna fjögurra dómara sem ekki voru skipaðir í samræmi við lög þegar skipað var upphaflega í réttinn haustið 2017.

Meðal þeirra mála sem um ræðir er mál Jens Gunnarssonar, fyrrverandi rannsóknarlögreglumanns, sem dæmdur var fyrir brot í starfi og dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi. **– aá**

Ólafur túlkar Konungsbók eftir sínu höfði

MENNING Ólafur Egill Egilsson opnar Konungsbók fyrir grunnskólakrökkum meðal annars með myndasögum og bíómyndum þannig að þau geti haft gagn og gaman af dýrgrip sem þjóðin hefur haft til varðveislu í hálfa öld og verður efnt til hátíðar af því tilefni.

Árnastofnun fékk Ólaf til þess að leikstýra og skrifa handrit hátíðarinnar. Steiney Skúladóttir er sögumaður. „Meginstefið í þessari dagskrá er kannski að segja við krakkana: Þetta er ykkar bók. Þetta er ykkar Konungsbók sem við varðveitum en allur heimurinn á hana og það er um að gera að nota hana og njóta hennar," segir Ólafur.

– þþ / sjá síðu 26

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata. MYND/AÐSEND

Bærinn hættir að veita styrki

KÓPAVOGUR Bæjarstjórn Kópavogs hefur ákveðið að hætta að veita stjórnmálaflokkum auglýsingastyrki. Var þetta samþykkt samhljóða á fundi í síðustu viku.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata, benti í vetur á ójafnræði sem ríkti milli flokkanna. Aðeins Sjálfstæðisflokkurinn gefur reglulega út prentað málgagn og gat reglulega sótt um auglýsingastyrk frá bænum. Þá voru reglurnar hvergi skrifaðar og ný stjórnmálaöfl ekki upplýst um þær.

„Ég er mjög ánægð með þetta," segir Sigurbjörg. „Það eru reglur um styrki sem miðast við gengi í kosningum. Ég veit ekki hvort þeir styrkir verði hækkaðir á móti en ef það verður gert verður það gegnsærra og sanngjarnara."

Í svari við fyrirspurn Sigurbjargar kom í ljós að Sjálfstæðisflokkurinn fékk 80 prósent af heildargreiðslunum og var eini flokkurinn sem fékk styrk árlega. Tvisvar var styrkurinn hærri en leyfilegt var. – khg

Reyndi á þolinmæðina í bið eftir skimun

Löng röð myndaðist fyrir utan skimunarstöðina við Suðurlandsbraut í gær en margir voru boðaðir í skimun eftir smit síðustu helgar þar sem 44 greindust með COVID. Sóttvarnalæknir sagði á upplýsingafundi í gær að skoðað yrði næstu daga hvort herða þurfi aðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tilkynna um nýja nefnd um skiptingu handrita

MENNING Ný nefnd, eða starfshópur, Íslendinga og Dana verður kynnt í vikunni. Samkvæmt menntamálaráðuneytinu er verið að ganga frá formsatriðum skipunarinnar.

Á miðvikudag verður hálf öld frá því að skinnhandrit Flateyjarbókar og Konungsbókar eddukvæða voru afhent í Reykjavíkurhöfn. Við tók 26 ára vinna við að skipta handritunum milli Íslendinga og Dana. Lilja Alfreðsdóttir hefur lýst því yfir að hún vilji fá afganginn til baka, alls um 1.400 handrit.

Þetta ítrekaði hún meðal annars í viðtali við danska dagblaðið Kristelig Dagblad á laugardag. „Ég geri mér grein fyrir því að handritin hafa mikla þýðingu fyrir bæði lönd," sagði hún.

Þann 25. september á síðasta ári skilaði starfshópur ráðherra tillögum að því hvernig staðið yrði að viðræðunum við Dani. Sú greinargerð hefur ekki verið gerð opinber og í desember úrskurðaði úrskurðarnefnd um upplýsingamál gegn blaðamanni sem krafðist þess að fá greinargerðina afhenta.

Lilja vill afganginn af handritunum heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Kristrún Heiða Hauksdóttir, upplýsingafulltrúi menntamálaráðuneytisins, að gögn starfshópanna verði gerð opinber að verkefninu loknu. – khg

Rækta spirulinu með örþörungum Mývatns

MýSköpun hélt upp á stóran áfanga í liðinni viku þegar fyrsta spirulinuduftið var tilbúið úr ræktun fyrirtækisins í Bjarnarflagi í Mývatnssveit. Stefnt er að því að koma með vörur á markað á þessu ári en um leið halda áfram þróun.

NÝSKÖPUN „Þetta er einstakur stofn héðan úr Mývatni og svolítið merkilegt að geta ræktað upp eitthvað sem á uppruna sinn hér og nýta orkuna úr jarðhitanum," segir Júlía K. Björke, framkvæmdarstjóri MýSköpunar, en fyrirtækinu tókst í vikunni að búa til spirulinuduft úr örþörungum úr Mývatni.

Á heilsa.is segir að spirulina sé þekkt sem ein næringarríkasta fæða sem völ er á. Hún þrífst í heitum, sólríkum löndum eins og Mið- og Suður-Ameríku og Afríku.

MýSköpun fékk nýverið 13,5 milljóna króna styrk úr Matvælasjóði og þá er í gildi samningur við Landsvirkjun um rafmagn og hita en nóg er af því í Mývatnssveit.

Júlía segir að verkefnið sé búið að vera í gangi í þó nokkur ár. Arnheiður Almarsdóttir stýrði því áður með það að markmiði að rannsaka hvort það væru einhverjir þörungar sem væri hægt að nýta til manneldis í Mývatni. Eftir fjölmargar sýnatökur tókst að finna annars vegar spirulinu en einnig chlorellu. Báðir þörungar þurfa mikið vatn og hita og vilja vaxa í aðstæðum sem eru ansi langt frá íslenskum veruleika, eða 30-35 gráðum.

„Við nýtum jarðhitann hér í Bjarnarflagi, við þurfum vel upphitað hús og mikið rafmagn því þetta er eiginlega eins og gróðurhús í vatni. Báðir þörungarnir, spirulina og chlorella, eru þannig þörungar að þeir fjölga sér á ógnarhraða ef þeim líður vel."

Júlía, sem er uppalin í Reykjavík og er jarðefnafræðingur og jarðhitasérfræðingur, flutti ásamt eiginmanni sínum Helga Arnari Alfreðssyni í sveitina árið 2013. Hún segir að þegar hún var fengin í verkefnið hafi hún lítið þurft að hugsa sig um. „Ég er með mikinn áhuga á fjölnýtingu á jarðhita, hvernig eigi að nýta hliðarafurðirnar því eins og staðan er í dag eru Íslendingar aðeins að nýta um 50 prósent af hitanum. Það er þessi háhitagufa sem er nýtt og það er alltaf verið að leita leiða til að nýta hinn helminginn."

Júlía K. Björke, framkvæmdastjóri MýSköpunar, með vöruna. Með frekari þróun er jafnvel hægt að framleiða bláa spirulinu. MYND/HELGI A. ALFREÐSSON

> Við nýtum jarðhitann hér í Bjarnarflagi, við þurfum vel upphitað hús og mikið rafmagn því þetta er eiginlega eins og gróðurhús í vatni.
>
> Júlía K. Björke
> framkvæmdarstjóri MýSköpunar

Þörungarnir eru ræktaðir í gömlu Kísiliðjunni í Bjarnarflagi og er markmiðið að framleiða spirulinuduft í fæðubótarefni og halda svo áfram í vöruþróun. „Þetta er fyrsta íslenska spirulinan og þá þarf ekki að flytja hana inn þannig að það er miklu minna kolefnisspor. Þannig að þetta er þá orðin mjög umhverfisvæn og næringarrík fæða.

Þetta er ennþá þróunarverkefni þó að við séum byrjuð að framleiða. Verkefnið hefur verið rekið á rannsóknarstyrkjum hingað til en núna er kominn grundvöllur fyrir því að skila einhverju fjármagni inn en halda samt áfram þróuninni. Stefnan er allavega sú að koma með vöru á markað á þessu ári," segir Júlía.

benediktboas@frettabladid.is

TRYGGÐU ÞIG STRAX

TOYOTATRYGGINGAR.IS

ÞAÐ ER LÉTT, FLJÓTLEGT OG ÖRUGGT AÐ TRYGGJA SIG MEÐ TOYOTA Á NETINU. Þú færð viðurkennda varahluti og bílaleigubíl til afnota allan viðgerðartímann. Að viðgerð lokinni færðu svo bílinn til baka – tandurhreinan að utan.*

Toyota Tryggingar
Vátryggt af TM

*Á einungis við ef um kaskótjón er að ræða og ef viðgerð fer fram hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota á Íslandi.

Eyþór Arnalds gagnrýnir áform um hraðalækknir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kostnaður við hraðalækkun átta milljarðar

REYKJAVÍK Tillaga að hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur var samþykkt í skipulags- og samgönguráði í síðustu viku og vísað til borgarráðs. Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðismanna, er ósáttur við tillögur meirihlutans en Eyþór segir að lauslega megi reikna með að tillögurnar muni kosta rúma átta milljarða króna á ári.

„Mér finnst þessar tillögur afar illa ígrundaðar og kostnaðurinn við að koma þeim í framkvæmd er vanreiknaður svo um munar.

Fram kemur í áliti, sem verkfræðiprófessorinn emeritus Jónas Elíasson og umferðarverkfræðingurinn Þórarinn Hjaltason gerðu, að áætla megi lauslega samfélagslegan kostnað við aukningu á ferðatíma vegna hraðlækkananna um 8,2 milljarða króna á ári," segir Eyþór.

> **Þannig liggur fyrir að engar framkvæmdir á stofnbrautum muni klárast á yfirstandandi kjörtímabili.**
>
> Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðismanna

Um umhverfisáhrifin segir í áliti Jónasar og Þórarins: „Mæld rykmengun mun lækka eitthvað á þeim götum þar sem hraðinn lækkar. Munurinn jafnast fljótlega út vegna dreifingar í loftinu vegna iðustreymis."

„Þessar tillögur koma á sama tíma og ljóst er að tímarammar um Borgarlínu munu ekki standast og ljóst er að framkvæmdir við hin ljósastýrðu gatnamót við Bústaðaveg og Arnarnesveg þar sem mikill umferðarþungi er muni ekki klárast á þessu ári eins og áætlað var.

Þannig liggur fyrir að engar stórar framkvæmdir á stofnbrautum muni klárast á yfirstandandi kjörtímabili. Það væri skiljanlegra ef þessar tillögur kæmu fram þegar ferlið við Borgarlínu væri komið lengra og framkvæmdir á stofnbrautum væru lengra á veg komnar," segir borgarfulltrúinn. **– hó**

Kæra synjun ráðuneytisins um aðgang að gögnum

SAMFÉLAG Samtök áhugafólks um spilafíkn (SÁS) hafa lagt fram kæru til úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna synjunar dómsmálaráðuneytisins á beiðni um aðgang að gögnum sem borist hafa ráðuneytinu frá rekstraraðilum spilakassa hérlendis er varða úrbætur og spilakort.

Samtök áhugafólks um spilafíkn hafa kallað eftir því að spilakössum á Íslandi verði lokað. Rekstraraðilar spilakassa hérlendis, Íslandsspil og Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ), hafa svarað því kalli með umræðu um spilakort sem virka þannig að spilarar spili með fyrir fram greiddum spilakortum. Þannig megi stjórna betur þeim fjárhæðum sem spilað er fyrir.

Í erindi sendu frá SÁS til dómsmálaráðuneytisins í febrúar er óskað eftir umræddum gögnum sem og öðrum erindum sem ráðuneytinu hafa borist frá leyfishöfum er snúa að rekstri spilakassa.

Í svari frá dómsmálaráðuneytinu sem dagsett er þann 22. mars kemur fram að á umræddu tímabili hafi ráðuneytinu borist erindi

Alma Hafsteinsdóttir, formaður SÁS, lagði fram kæruna fyrir hönd samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

bæði frá Happdrætti Háskólans og Íslandsspilum. Neitað var að afhenda gögnin á grundvelli þess að þau innihaldi upplýsingar er varði mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni.

Dómsmálaráðuneytinu er veittur frestur til 26. apríl næstkomandi til að skila umsögn um kæruna og koma með frekari rökstuðning fyrir ákvörðuninni. Þá hefur SÁS einnig óskað eftir því að úrskurðarnefndinni verði innan sama frests afhent gögnin sem kæran lýtur að. **– bdj**

Ekki áformað að byggja upp virkjanir fyrir gagnaverin

Þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir gagnaverum, aðallega til þess að grafa eftir rafmynt, mun Landsvirkjun ekki byggja virkjanir til að mæta henni. Forstjóri Landsvirkjunar segir stórnotendurna vera að komast aftur í full afköst eftir að dregið var úr þeim á síðasta ári vegna áhrifa sem kórónaveirufaraldurinn hafði.

ORKUMÁL Landsvirkjun mun ekki byggja nýjar virkjanir til þess að mæta orkuþörf gagnaveranna, sem eru nýtt að langstærstum hluta til þess að grafa eftir rafmynt.

„Við finnum fyrir aukinni eftirspurn gagnavera," segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, aðspurður um hvort pressa sé á að útvega meiri orku fyrir gagnaverin. Verð rafmynta hefur rokið upp á undanförnum mánuðum sem valdið hefur því að sífellt fleiri sækjast eftir því að kaupa og grafa eftir rafmynt.

„Þó við höfum verið að selja orku til gagnavera hefur þetta aldrei haft áhrif á fjárfestingarákvarðanir okkar," segir hann. Ástæðan sé sú að þetta er svo illfyrirsjáanlegur markaður. „Þegar við byggjum virkjanir förum við í langtímasamband með ábyrgðum við ákveðna viðskiptavini."

Á sama tíma og Bitcoin og aðrar rafmyntir ruku upp í verði minnkaði eftirspurnin eftir afurðum eins og áli og kísil. En nú hefur orðið breyting. Hörður nefnir álverið Rio Tinto sem dæmi, sem samið var við í upphafi árs.

„Rio Tinto keyrðu niður afköstin á síðasta ári vegna minni eftirspurnar en hafa verið að snúa þessu við og eru að verða komnir í full afköst," segir hann. „Það sama gildir um aðra viðskiptavini. Álverð, kísilverð og fleira hefur verið að hækka mikið."

Sú raforka sem seld hefur verið til gagnaveranna var að hluta orka sem ekki hefur verið hægt að nýta til stóriðnaðar. Þegar þetta snýst við verður minna til skiptanna.

Genesis Mining er meðal þeirra gagnavera sem grafa eftir rafmynt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við finnum fyrir aukinni eftirspurn gagnavera.**
>
> Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

Hörður telur að gagnaverin eigi mikla framtíð fyrir sér og mikilvægt sé fyrir Ísland að fá stóru þekkingarfyrirtækin hingað. „Rafmyntagröfturinn styrkir þessa starfsemi við að koma undir sig fótunum og borga ákveðnar fjárfestingar," segir hann.

„En ég held að flestir geri sér grein fyrir að það sé mjög óvíst hvort grröfturinn verði með þessum hætti til framtíðar. Ég held að það sé mikilvægt að draga úr orkuþörfinni og veit að aðilar eru að leita leiða til þess að svo geti orðið."

kristinnhaukur@frettabladid.is

kronotex
FLOORS FOR LIVING
2017_2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan
2016 2020
Framúrskarandi fyrirtæki
ERTU AÐ BYGGJA
BREYTA EÐA BÆTA
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF
HARÐPARKETI & VÍNYLPARKETI
GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG GOTT VERÐ
MAMMUT PLUS 4797
DER BLAUE ENGEL
weil emissionsarm und recyclinggerecht
JURY UMWELTZEICHEN
FEUCHTESCHUTZ
MOISTURE GUARD CORE
UMHVERFISVOTTAÐ
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Réttarhöldin hafa staðið yfir í hartnær þrjár vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Dómurinn gæti kveikt mótmæli

BANDARÍKIN Lögmenn lögreglumannsins Dereks Chauvin fluttu lokaræðu sína í gær fyrir kviðdómendur en jafnvel er búist við úrskurði yfir honum í dag. Chauvin kraup á hálsinum á George Floyd í rúmar níu mínútur svo Floyd missti meðvitund og lést á sjúkrahúsi skömmu síðar.

Flestar borgir Bandaríkjanna búa sig undir hvernig bregðast skuli við fái Chauvin mildan dóm en búist er við gífurlegum mótmælum um gjörvallt landið fari svo að Chauvin sleppi með skrekkinn.

Búðareigendur í Minneapolis, þar sem Chauvin starfaði, hafa byrgt fyrir glugga sína.

Washington Times segir til dæmis að NBA ætli að fresta leikjum verði Chauvin dæmdur til vægrar refsingar. Hann á yfir höfði sér 40 ára dóm verði hann dæmdur sekur. – **bb**

Forseti UEFA var hvassyrtur

FÓTBOLTI Aleksander Ceferin, forseti Evrópska knattspyrnusambandsins, UEFA, var ómyrkur í máli þegar hann ræddi Ofurdeild Evrópu á blaðamannafundi í gær.

Áform tólf félaga um stofnun Ofurdeildarinnar voru kynnt á sunnudagskvöldið en í gær kynnti UEFA nýtt fyrirkomulag sem verður á Meistaradeild Evrópu.

Orð Ceferin staðfestu þann grun sem knattspyrnuáhugamenn hafa haft um að það andi köldu milli forsetans og forráðamanna félaganna sem standa að baki Ofurdeildinni.

„Þessir snákar og lygarar hafa sagt við mig að þeir styðji fyrirhugaðar breytingar á Meistaradeildinni en gengu svo á bak orða sinna," segir Ceferin sem beindi orðum sínum að Andrea Agnelli, forseta Juventus, og Ed Woodward, stjórnarformanni Manchester United.

Ekki liggur fyrri hvert fyrirkomulag verður á keppnum sterkustu félaga Evrópu. Forsetar UEFA og FIFA hafa sagt að þeir sem leika í Ofurdeildinni megi ekki keppa í mótum á vegum sambandanna. – **hó**

Vaxandi spenna vegna alvarlegs ástands Navalnís

RÚSSLAND Stjórnarandstæðingurinn Alexei Navalní hefur verið færður úr fangelsi yfir á sjúkrahús fyrir fanga sem staðsett er austur af Moskuborg.

Vaxandi áhyggjur eru af heilsufari Navalnís en grunur er um að rússnesk stjórnvöld hafi byrlað honum eitur á síðasta ári. Fram kom í yfirlýsingu sem fangelsismálastofnun Rússlands sendi frá sér í gær

» Við höfum tjáð rússneskum stjórnvöldum hver afstaða Bandaríkjanna sé.

að Navalní væri á gjörgæsludeild á sjúkrahúsinu. Þar segir enn fremur að ástand Navalnís sé stöðugt og hann sé undir reglulegu eftirliti lækna.

Navalní hefur verið í hungurverkfalli síðan 31. mars en hann krefst viðunandi læknismeðferðar og skoðunar hlutlauss læknis.

Aðstandendur Navalnís eru ekki sammála fyrrgreindum yfirlýsingum rússneskra stjórnvalda um heilsufar hans. Þeir segja að Navalní sé í lífshættu þessa stundina en hætt sé við því að hann fái nýrnabilun eða hjartaáfall.

Vaxandi spenna er í samskiptum Bandaríkjanna og Rússa. „Við höfum tjáð rússneskum stjórnvöldum hver afstaða Bandaríkjanna sé. Þá höfum við tilkynnt stjórnvöldum í Kreml að Rússar verði dregnir til ábyrgðar á alþjóðlegum vettvangi veiti þeir Navalní ekki viðeigandi læknismeðferð," segir Jake Sullivan, öryggisráðgjafi Bandaríkjastjórnar, í samtali við CNN. – **hó**

Endurtekin afskipti lögreglu af nágrannaerjum ástæðulaus

Lögreglan á Suðurlandi hafði enga ástæðu til þess að hafa afskipti af vír sem Hreggviður Hermannsson, ábúandi á Langholti 1, setti upp á aðkeyrslu til að stöðva átroðning á landi sínu. Vegurinn var ekki á skrá samkvæmt lögfræðingi Vegagerðarinnar í síðustu viku. Málaferli við nágranna halda þó áfram.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands sýknaði á miðvikudag Hreggvið Hermannsson af því að hafa lokað aðkeyrslu sinni með vír. Hreggviður, sem er ábúandi á Langholti 1 í Flóahreppi, hefur staðið í deilum við nágranna sína um nokkurra ára skeið. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar hefur lögreglan í 22 skipti haft afskipti af lokunum Hreggviðs, milli 13. desember árið 2017 og 29. janúar ári seinna, en hann segist hafa lokað veginum í að minnsta kosti tífalt fleiri skipti og að heimsóknir lögreglu telji vel á fjórða hundrað.

Hreggviður kom fyrir stórum steinum beggja vegna við veginn, boraði króka inn í þá og strengdi vírinn á milli. Hann hefur deilt við nágranna sína, Fríði Sólveigu Hannesardóttur og Ragnar Val Björgvinsson, um ákveðna landspildu. Fríður vitnaði um að í hvert skipti sem veginum var lokað hefði hún kallað til lögreglu. Hreggviður vitnaði um að hann hefði ávallt merkt lokunina með glitmerkjum eða veifum.

Lögfræðingur Vegagerðarinnar bar vitni fyrir dómnum og staðfesti bréf þess efnis að vegurinn væri ekki á skrá. Á þeim grundvelli var Hreggviður sýknaður.

Á sama tíma voru tekin fyrir önnur mál á hendur Hreggviði. Var hann sýknaður af því að hafa tekið samlokusíma af Fríði með þeim afleiðingum að hún marðist á fingri en þá var hann handtekinn og látinn dúsa inni í 8 klukkutíma.

Hreggviður var hins vegar sakfelldur fyrir að hafa keyrt niður tvo girðingarstaura og grafið upp plaströr sem til stóð að setja rafmagns-

Hreggviður segist hafa sett vírinn upp í hundruð skipta. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ég á frekar von á því að það verði rólegheit á næstunni, að minnsta kosti þangað til vorar og ég fer að laga girðingar.

Hreggviður Hermannsson, ábúandi á Langholti 1

kapla í og fyrir umferðarlagabrot. Var Hreggviður samanlagt dæmdur til þess að greiða 100 þúsund króna sekt, tæplega 147 þúsund með vöxtum í bætur og 2 milljónir af launum lögmanna.

„Ég er mjög sáttur við þann hluta dómsins sem ég var sýknaður af," segir Hreggviður. „Hinum ákæruliðunum verður áfrýjað."

Hann segist ekki eiga von á því að fá afsökunarbeiðni frá lögreglunni þrátt fyrir öll þessi tilhæfulausu afskipti.

Þessi málabunki er ekki einu mál Langholtsfólks á undanförnum árum. Árið 2018 var Hreggviður dæmdur í mánaðarfangelsi fyrir að snúa upp á handlegg Fríðar og þjófnaði á sófa og staurum. Ragnar Valur var dæmdur í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi árið 2019 fyrir að keyra á Hreggvið. Lögreglustjórinn á Suðurlandi hefur áður verið úrskurðaður vanhæfur í málum tengdum Langholti vegna tengsla starfsfólks ákærusviðs, og var það því Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum sem lagði fram ákærurnar sem dæmt var í í síðustu viku.

Hreggviður segist ekki hafa sett vírinn upp aftur, umferðin hafi minnkað það mikið og róast milli bæjanna.

„Ég á frekar von á því að það verði rólegheit á næstunni, að minnsta kosti þangað til vorar og ég fer að laga girðingar," segir Hreggviður.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FASTEIGNASALAN TORG

Kraftur, **traust** og árangur

Hringdu núna
520 9595

Helgi Jóhannes Jónsson
Sími: 780 2700

Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stilhrein sturta.
Sturtubotn fáanlegur í mörgun stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng, 8mm hert öryggisgler.

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ein af fyrstu myndunum sem birtist á frettabladid.is var þessi hér til vinstri sem sýnir bjarmann í bakgarði Bessastaða. Ljósmyndarar Fréttablaðsins hafa myndað sjónarspilið frá ýmsum vinklum frá því að það hófst.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Síbreytilegt sjónarspil

Mánuður er liðinn síðan eldbjarmi sást í fyrsta sinn á Reykjanesskaga. Stór hluti Íslendinga hefur lagt leið sína að gosstöðvunum til að berja sjónarspilið augum. Þá hafa ljósmyndarar Fréttablaðsins verið iðnir við að mynda náttúruöflin leika listir sínar.

Einn mánuður var í gær síðan eldgos hófst í Geldingadölum á Reykjanesskaga. Frá upphafi hefur hraunflæði verið nokkuð stöðugt og nokkrir gígar opnast á undanförnum vikum. Þannig er hver ferð að gossvæðinu einstök upplifun og engin ferð eins enda tekur svæðið sífellt breytingum.

Í byrjun mars bentu gervitunglamyndir til kvikuinnskots nærri Fagradalsfjalli og að kveldi 19. mars hófst lítið krúttlegt gos sem þúsundir Íslendinga hafa skoðað. Hegðun margra vakti athygli út fyrir landsteinana en þeir sem ekki komust að gosstöðvunum létu sér nægja að horfa á gosið í beinni útsendingu. Þar vakti önnur hegðun athygli en merkilega margir höfðu þörf fyrir að veifa myndavélum RÚV.

„Þetta er hægt og afllítið gos og að sumu leyti eins og það hafi verið búið til fyrir áhorfendur," sagði Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur á Fréttavaktinni á Hringbraut. „Eins og þetta er í dag þá geturðu farið upp á svæðið og í stúkusæti og horft á sjónarspil náttúrunnar," segir hann.

Magnús Tumi bætti við að engin merki væru um að það væri að draga úr gosinu eða að því væri að ljúka. Á meðan streyma gosefnin upp úr iðrum jarðar og hraunið heldur áfram að renna um Geldingadali og niður í Meradali.

benediktboas@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

PRIMAVERA
FURNITURE

JUNE

FRÁ PRIMAVERA

Ný sending og nýir litir. Komdu og láttu lífið leika við þig í sófa frá Vogue fyrir heimilið. JUNE er fáanlegur í fjölmörgum útgáfum, mismunandi áklæðum og litum.

Verð frá 139.800 kr.
2ja sæta sófi

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Skammgóður vermir

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Nú þegar sól fer loks hækkandi á lofti og hitastigið fylgir með, sumardagurinn fyrsti er handan við hornið og bjartsýnustu Íslendingarnir eru farnir að huga að sumarfrísplönum, þá erum við enn og aftur minnt á hversu viðkvæmt ástandið er.

Í tæplega hálft ár hafa ekki greinst eins margir smitaðir og í fyrradag og eru allar líkur á að við höfum ekki séð fyrir endann á þessu nýjasta bakslagi. Undir eins heyrast raddir um að nú þurfi að rífa aftur í handbremsuna og herða enn á ný á aðgerðunum sem verið var að slaka örlítið á.

Þeim sem kalla undir eins eftir hertum aðgerðum má benda á að þessi stóru smit urðu þegar við einmitt bjuggum við hertar aðgerðir. Smittilfellin eru einfaldlega að koma fram núna, tveimur vikum síðar og má rekja þau til tveggja einstaklinga. Tveggja einstaklinga sem fóru óvarlega eftir að hafa komið til landsins og átt að vera í fimm daga sóttkví fram að seinni sýnatöku. Vegna annars þeirra eru nú um eitt hundrað fjölskyldur innilokaðar milli vonar og ótta. Reglurnar voru til staðar en þessir einstaklingar virtu þær ekki. Þar stendur hnífurinn í kúnni! Við höfum ekkert við hertar aðgerðir að gera ef fólki finnst þær ekki gilda um sig.

Við erum kannski ekki agaðasta þjóð heims og að sjálfsögðu er þetta orðið drulluþreytandi allt saman en við hljótum að geta virt þessar augljósustu reglur varðandi sóttkví og haldið áfram að leggja áherslu á persónulegar sóttvarnir. Vitandi að ef ekki þá skerðist frelsið enn frekar og þó að lífið hafi ekki beint gengið sinn vanagang hér á landi undanfarið þá búum við við meira frelsi en flestar aðrar þjóðir.

Og við bara hljótum að geta látið okkur hafa það að dvelja á hótelherbergi í fimm daga að lokinni utanlandsferð. Öll vitum við af reglum um heimkomusmitgát svo það er erfitt að vorkenna þeim sem velja að ferðast að þurfa að framfylgja þeim.

Í mínum huga er hóteldvöl lúxus og ef það að slaka aðeins á frá amstri hversdagsins, lokaður inni á herbergi sem upphaflega var hannað fyrir borgandi ferðamenn í leit að notalegheitum, í þægilegu rúmi, með bullandi nettengingu, þykka sæng og úrval sjónvarpsstöðva, þegar fínustu veitingastaðir eru farnir að stunda heimsendingar, er svona agaleg refsing, ætti fólk bara að halda sig alfarið heima.

Með því að framfylgja reglum um sóttkví við komu til landsins, hvort sem það er gert heima við eða á hóteli, verjum við náungann og stuðlum að því að samfélagið geti verið virkt. Þeir, sem er sama þó að hundrað fjölskyldum sé nú gert að loka sig af dögum saman, hafa ekki verið innilokaðir með smábarn allan sólarhringinn og mögulega þurft að sinna vinnu með.

Þeir foreldrar þiggja án efa nokkurra daga einveru á hótelherbergi að því loknu!

Við höfum ekkert við hertar aðgerðir að gera ef fólki finnst þær ekki gilda um sig.

Halldór

Frá degi til dags

Þjóðaróráð

Kórónaveiran var eðli sínu samkvæmt ekki lengi að ná vopnum sínum og fjöldi tilfella smits rauk upp á sunnudaginn. Fingrum var því að vonum bent í ýmsar áttir á Facebook í gær. Helga Vala Helgadóttir, þingman Samfylkingar, skilaði meðal annars smitskömminni: „27 ný smit og ríkisstjórn þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur neitunarvald gagnvart nauðsynlegum sóttvarnaaðgerðum. Er það ráðlegt kæra þjóð?“ Þá sagðist Illugi Jökulsson seinþreyttur til vandræða áður en hann spurði „en er ekki kominn tími til að við hættum að trúa því að ríkisstjórnin sé að leysa þetta vel?“.

Voff!

Miklu fleiri ítrekuðu kröfuna um að stjórnvöld skytu loku fyrir lekann á landamærunum. Blaðamaðurinn Jakob Bjarnar Grétarsson viðraði þó áhyggjur af öðru viðlagi sem einnig ómar hátt. „Einhver jólasveinn forsmáir reglur um sóttkví og þá rjúka málsmetandi menn upp geltandi og hafa til marks um að þar hafi sannast að ríkisstjórnin hafi verið á hárréttu róli með að brjóta lög og sneiða að borgaralegum réttindum með frelsissviptingum. Gaman að þessu, eða þannig.“ Bubbi Morthens svaraði honum að bragði með kröfu um að landinu yrði einfaldlega „kloss lokað“.

toti@frettabladid.is

Sýnum skynsemi í sóttvörnum

Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður
Vinstri grænna

Árangur Íslands í sóttvörnum hefur verið svo góður að eftir hefur verið tekið. Með samstilltu átaki hefur okkur tekist að haga málum þannig að áhrif heimsfaraldurs á daglegt líf fólks hafa verið minni hér en víða. Mörg voru því farin að líta sumarið hýru auga; það yrði hægt að lifa enn frjálsara lífi hér en við þó gerum í dag.

Til að svo megi verða þarf að tryggja að sóttvarnir séu áfram eins og best verður á kosið. Við þurfum að huga að persónulegum sóttvörnum, nota grímuna, halda skilgreindri fjarlægð og þvo okkur um hendur, spritta og virða samkomutakmarkanir. Það sama á við um landamærin; við verðum að hafa þær reglur þar við lýði sem tryggja sem bestar sóttvarnir.

Sóttkvíarhótel er ein af þeim aðferðum sem talin var nauðsynleg til að tryggja sem bestar sóttvarnir. Reglugerð um það reyndist ekki hafa lagastoð og því var fallið frá skylduvist í sóttkvíarhóteli. Þess í stað treystum við á að fólk sem kemur yfir landamærin virði allar reglur um sóttkví; líka nýju og strangari reglurnar sem voru settar eftir úrskurð um sóttkvíarhótel. Eins og dæmin sanna þarf ekki nema örfá tilvik um að reglur séu ekki virtar í hvívetna, kannski bara eitt, til að smit breiðist út.

Ég er einfaldur maður og horfi til einfaldra lausna. Ef vantar að styrkja lagastoð undir sóttkvíarhótel, þá styrkjum við lagastoð undir sóttkvíarhótel. Ávinningurinn af slíku er ótvíræður; við hljótum öll að vilja að hægt sé að slaka enn frekar á klónni innanlands. Átt frjálsara sumar. Frekar en að herða reglur aftur.

Í löngu og viðamiklu verkefni getur það gerst að á lokametrunum verði löngunin til að ljúka verkefninu öllu öðru yfirsterkara. Við megum ekki falla í þá gryfju með COVID. Það er jafn mikilvægt núna og fyrir ári síðan að huga vel að öllum sóttvörnum. Sýnum skynsemi í sóttvörnum.

Ef vantar að styrkja lagastoð undir sóttkvíarhótel, þá styrkjum við lagastoð undir sóttkvíarhótel.

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn miðvikudaginn 21. apríl 2021, kl. 17:00.

Dagskrá
1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar fyrir félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Þróunarmál og hönnun.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur er til sýnis á skrifstofu í Mosfellsbæ og er sendur hverjum þeim hlutahafa sem þess óskar.
Í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda til að stemma stigu við útbreiðslu kórónuveiru verður fyllstu varúðar gætt. Hægt verður að skrá sig á istex.hf@istex.is eða í 566 6300 til að fylgjast með fundinum rafrænt. Umboðsmenn þurfa að leggja fram dagsett og skriflegt umboð.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent frá skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ á fundardag.

Mosfellsbæ, apríl 2021.
Stjórn ÍSTEX hf.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Sendu mér skilaboð þegar þú ert komin heim

Magnús Árni Skjöld
stjórnmálafræðingur

Fyrir fáum vikum var ung kona myrt af ókunnugum manni í London og líki hennar hent út í skóg þar sem það fannst nokkru síðar. Hún hafði verið á leiðinni heim til sín að kvöldlagi þegar maðurinn réðist að henni. Í kjölfarið var vakin athygli á því á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum að konur eru alltaf varar um sig þegar þær eru á gangi í borgum um kvöld og leiðbeiningum beint til karlmanna um hvernig þeir ættu að haga sér til að konum finnist þeim ekki vera ógnað af veru þeirra nálægt sér. Vonandi hafa sem flestir okkar séð þessar leiðbeiningar.

Það stakk í hjartastað að heyra að flestallar konur könnuðust við þá óttatilfinningu og varnarhegðun sem þær hafa þurft að tileinka sér í gegnum tíðina til að vernda sig frá áreitni eða árásum, hegðun eins og að stinga síða hárinu í hálsmálið á peysunni til að þykjast vera strákur, þykjast vera að tala í símann, skrifa niður bílnúmer leigubílsins sem þær eru að fara upp í og senda nánum vinum af ótta við að skila sér ekki heim. En það sem flestar konur könnuðust helst við var að senda hver annarri skilaboðin „sendu mér skilaboð þegar þú ert komin heim“. Þetta er eitthvað sem við karlmenn höfum ekki þurft að búa við.

Við Íslendingar erum stolt af því að hafa verið í meira en áratug á toppi Global Gender Gap Index listans sem World Economic Forum gefur út. Það þýðir að ýmislegt hefur áunnist í jafnréttisbaráttunni hér á landi og er í betra horfi en víða annars staðar. Hins vegar er staðreyndin sú að ofbeldi gegn konum á sér stað í ríkum mæli hér á landi. Þetta hefur verið kallað „norræna þversögnin“. Að í hinum jafnréttissinnuðu samfélögum Norðurlanda, sé ofbeldi gegn konum jafn útbreitt og raun ber vitni og réttarkerfið jafn illa í stakk búið til að taka á því.

Og ofbeldið er sjaldnast eins og það sem lýst er hér í upphafi, að kona sé myrt af ókunnugum manni, þó að það atvik hafi hrundið af stað bylgju vitundarvakningar um ofbeldi gagnvart konum almennt. Í langflestum tilvikum fer ofbeldið fram innan veggja heimilisins og í skjóli náins sambands karls og konu. Samkvæmt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu komu tvö heimilisofbeldismál að jafnaði upp á dag árið 2019 – og það eru bara þau sem skráð eru af lögreglu. Ljóst er líka að heimilisofbeldi hefur aukist marktækt á meðan á COVID-faraldrinum hefur staðið, hér á landi sem annars staðar. Í langflestum tilvikum eru gerendur karlar og brotaþolar konur.

Heimilisofbeldi er vissulega ólöglegt hér á landi, en ljóst er af rannsóknum að fá mál af því tagi hljóta meðferð innan réttarkerfisins. Einnig er víst að margar konur skirrast við að standa í því, stundum áralanga, ferli sem réttarkerfið setur þær í til að ná fram dómi yfir ofbeldismanninum, því mörgum þeirra kann að finnast að það sé einfaldlega framlenging á ofbeldinu og eins kann hið nána samband við brotamanninn að flækja málin.

En þarna kemur að hlutverki okkar karla, því það er ofbeldismenningin sjálf sem við þurfum að uppræta innan frá. Svo ég tali út frá eigin reynsluheimi, sem ég held að hafi ekki verið stórkostlegt frávik frá reynsluheimi annarra stráka af minni kynslóð, þá ólumst við flestir upp við þá hugmynd að yfirburðir í líkamlegum átökum væru jákvæðir eiginleikar. Að vera „sterkur“. Alla bernsku mína lifði ég með vitneskjunni um yfirvofandi líkamleg átök við aðra stráka og ófá voru slagsmálin á skólalóðinni þar sem hengingartaki var beitt þar til sá sem varð undir „gafst upp“, svona rétt áður en hann missti meðvitund. Þetta var bara hluti af því að alast upp sem strákur. Þetta voru kennslustundir í hinni eitruðu karlmennsku.

Mikið starf hefur verið unnið í skólum landsins til að vinna gegn einelti og öðrum birtingarmyndum ofbeldis undanfarin ár og slagsmálin sem ég upplifði sem barn eru vonandi fátíðari nú en þau voru þá. Það er vel ef svo er, en betur má ef duga skal. Eitt sem hefur sannarlega ekki breyst er ofbeldisdýrkunin sem er úti um allt. Í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum, samfélagsmiðlum og jafnvel íþróttum. Við sem samfélag gerum því miður of lítið af því að koma þeim skilaboðum á framfæri að líkamlegt ofbeldi er aldrei í lagi.

Það verkefni að útrýma ofbeldi er risavaxið og krefst mikilla menningarlegra umskipta. En það er nauðsynlegt. Beiting ofbeldis í nánum samböndum er nátengt hugmynd feðraveldisins um yfirburði og yfirráð karlsins og þrífst í skjóli líkamlegra og oft á tíðum efnahagslegra yfirburða hans. Sumir karlmenn gera sér jafnvel ekki grein fyrir að þeir séu að beita ofbeldi í sínu nána sambandi, því líkamlegt ofbeldi á sér jafnan aðdraganda kúgunar, hótana, gaslýsingar og misréttis. Það brýst kannski aldrei út í barsmíðum, en er ofbeldi engu að síður.

Við karlmenn þurfum að eiga í markvissu samtali um birtingarmyndir ofbeldis gagnvart konum. Við þurfum líka að tileinka okkur hegðun þar sem við stígum ekki yfir óþægindamörk kvenna, því þegar það er gert er það hótun um beitingu ofbeldis. En mikilvægast er auðvitað að beita aldrei ofbeldi. Það er hinn sanni styrkur.

Höfundur hefur starfað að jafnréttismálum, meðal annars á vettvangi NATO í Afganistan og skipar 4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík norður.

Ofbeldi gagnvart starfsfólki á heilbrigðisstofnunum

Jón Snorrason
geðhjúkrunarfræðingur

Síðustu daga hafa birst greinar í fjölmiðlum sem benda réttilega á að ákveðið hlutfall aldraðs fólks sé beitt ofbeldi heima hjá sér eða á hjúkrunarheimilum. Eins og höfundar benda á er mikilvægt að hefja umræður um þetta mál í viðleitni til að koma í veg fyrir ofbeldi.

Minna hefur borið á umræðu um ofbeldi sem starfsfólk í öllum starfsstéttum á heilbrigðisstofnunum verður fyrir. Hjúkrunarfræðingar og starfsfólk sem vinnur undir þeirra stjórn eru á meðal starfsstétta um allan heim sem oftast verða fyrir ofbeldi á vinnustað (e. workplace violence). Rannsóknir sýna að allt að 100% hjúkrunarfræðinga á bráðadeildum, geðdeildum og hjúkrunarheimilum verða fyrir munnlegu ofbeldi á starfsferli sínum og allt að 80% fyrir líkamlegu ofbeldi. Í óbirtri rannsókn sem gerð var á geðsviði Landspítala 2019 sögðust 23,5% starfsmanna hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi síðustu 12 mánuði, 60,4% fyrir munnlegu ofbeldi og 18,9% fyrir kynferðislegu ofbeldi. Algengast var að sjúklingar væru gerendur ofbeldis. Gestir á deildum áttu líka sinn hlut að ofbeldinu og starfsfólk sinn hlut í kynferðislegu ofbeldi. Það er þó mikilvægt að taka fram áður en lengra er haldið að langflestir þeirra sem dvelja á heilbrigðisstofnunum sýna ekki ofbeldi.

Skipta má orsökum ofbeldis fólks sem dvelur á heilbrigðisstofnunum eða leitar sér hjálpar á bráðaþjónustu- og göngudeildum gagnvart starfsfólki í þrjá flokka: 1. Fólk upplifir mótlæti, þolir það illa og bregst við með ofbeldi (t.d. þegar því finnst ekki vera komið til móts við þarfir sínar). 2. Ofbeldi er hluti af lífsstíl sem sumt fólk hefur tileinkað sér og beitir þegar því finnst að gengið á rétt sinn. 3. Ofbeldi tengist sjúkdómnum. Þannig geta atvik þar sem ofbeldi á sér stað litið eins út og afleiðingarnar verið þær sömu þó orsakirnar séu ólíkar. Í rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum á geðsviði Landspítala kom fram að algengasti aðdragandi að því að halda þurfti sjúklingum kyrrum með handafli að meðaltali í 10 mín-

útur var að sjúklingar höfðu ráðist á starfsfólk.

Þó afleiðingar ofbeldis séu oftast vægar hafa þær yfirleitt einhver áhrif á þau sem verða fyrir ofbeldi eða þau sem verða vitni að ofbeldi (starfsfólk og aðrir sjúklingar). Hér er um atriði að ræða eins og líkamlegur sársauki, líkamlegur áverki, hræðsla og kvíði, svefntruflanir, depurð og tímabundin fjarvera úr starfi. Sumir þurfa að leita sér lækninga eða sálræns stuðnings og þá er þekkt að starfsfólk skipti um starf eða starfsvettvang eftir að hafa orðið fyrir ofbeldi.

Rannsóknir sýna að þegar sjúklingur sýnir árásargjarna og ógnandi hegðun er fyrsta úrræði starfsfólks að tala við hann og reyna að fá hann til að láta af hegðun sinni. Ef það tekst ekki er honum boðið lyf. Ef hann þiggur það ekki og heldur áfram óbreyttri hegðun sem að mati starfsfólks getur þróast í enn alvarlegri hegðun eins og t.d. líkamlegt ofbeldi, er oft gripið til nauðungaraðgerða eins og að flytja sjúklinginn gegn eigin vilja yfir á annað svæði, hann látinn dvelja tímabundið (t.d. 30 mín.) í herbergi eða öðru afmörkuðu svæði og gefið lyf gegn vilja sjúklings. Með góðri vissu má fullyrða að tengsl eru á milli ofbeldis sjúklinga gagnvart starfsfólki og öðrum sjúklingum og nauðungaraðgerðum.

Fjöldi rannsókna hefur verið gerður um reynslu sjúklinga og starfsfólks af ofbeldi og nauðungaraðgerðum. Þær hafa aukið þekkingu starfsfólks og aukið viðleitni til að draga úr ofbeldi og um leið nauðungaraðgerðum, oft með góðum árangri. Sumir hafa gengið svo langt að krefjast þess að öllum nauðungaraðgerðum á heilbrigðisstofnunum verði útrýmt og þær séu ekkert annað en ofbeldi. Aðrir telja að mikilvægt sé að draga úr nauðungaraðgerðum, þeim skuli aðeins beitt í neyð en að óraunhæft sé að útrýma þeim alveg. Í nýlegri rannsókn þar sem talað var við einstaklinga á geðsviði Landspítala sem höfðu verið beittir einhvers konar nauðungaraðgerðum sögðust allir vera á þeirri skoðun eftir að hafa horft upp á hegðun sumra samsjúklinga sinna að ekki yrði hægt að útrýma nauðungaraðgerðum. Þeim fannst hins vegar nauðungarinnlögn þeirra sjálfra ónauðsynleg og ósanngjörn.

Það er mikilvægt að ræða ofbeldi gagvart starfsfólki á heilbrigðisstofnunum af hreinskilni, málefnalega og fordómalaust. Þar verður fyrst og fremst að ríkja viðhorfið „aðgát skal höfð í nærveru sálar“.

LÍFRÆN VOTTUN

Fréttablaðið vinnur í samstarfi við Vottunarstofuna Tún að sérblaði. Blaðið mun innihalda alls kyns fróðleik um lífrænar afurðir, ásamt viðtölum og umfjöllunum. Blaðið kemur út 30. apríl nk.

Vertu viss um að tryggja þér gott auglýsingapláss í langmest lesna blaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Einmitt: venjulegt, vinnandi fjölskyldufólk

Kjartan Valgarðsson
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Þegar við nokkrir félagar úr Samfylkingunni hittum Håkan Juholt, fyrrverandi leiðtoga sænskra jafnaðarmanna og sendiherra, fyrir hartnær ári síðan til að ræða við hann um jafnaðarstefnu og jafnaðarstarf, bað hann okkur um að ímynda okkur að Samfylkingin hyrfi af yfirborði jarðar. Síðan skyldum við spyrja okkur sjálf að því hvort það breytti einhverju fyrir Ísland. Ef við kæmumst að því að það breytti engu ættum við að íhuga að finna okkur annað áhugamál.

Þessa spurningu ættu jafnaðarmenn alltaf að hafa í huga. Hvers vegna þurfum við jafnaðarmannaflokk? Hvers vegna þarf fólkið á Íslandi, eða mikill meiri hluti þess, sósíaldemókratíska hreyfingu? Það er sama spurningin og: Hvers vegna þurfum við verkalýðshreyfingu og samtök launafólks?

Við þurfum jafnaðarmannaflokk vegna þess að launafólk þarf á hreyfingunni að halda.

Við þurfum jafnaðarmannaflokk vegna þess að það þarf að bæta kjör venjulegs vinnandi fjölskyldufólks.

Við þurfum jafnaðarmannaflokk vegna þess að núverandi ríkisstjórn skilur ekki, eða vill ekki skilja, þarfir og hagsmuni fjölskyldna, atvinnulausra, innflytjenda, ungs fólks, öryrkja og ellilífeyrisþega.

Håkan Juholt sagði annað: Hann sagði að við þyrftum að gera það sem skiptir venjulegt fólk máli í þess daglega lífi. Og hann bætti við, sem dæmi: Við eigið að setja upp sumarbúðir fyrir börn sem eru heima hjá sér allt sumarfríið vegna þess að foreldrar þeirra hafa ekki efni á neinum ferðalögum.

Ég segi við ykkur, íslenskt jafnaðarfólk: Hvers vegna ekki? Hvers vegna vinnum við ekki þörf samfélagsverkefni, skiptum máli í daglegu lífi venjulegs fólks?

Á ekki Kvennahreyfing Samfylkingarinnar að bjóða erlendum konum í kaffi og spjall til dæmis mánaðarlega, konum sem eru einangraðar og kynnast ekki íslenskum konum eða eiga enga íslenska vini?

Eigum við ekki að hringja reglulega í félaga okkar sem komnir eru á efri ár, sem alveg eins er líklegt að fái fáar hringingar, eru ekkjur eða ekklar, búa ein, eru einmana eða börnin hringja sjaldan? Hvers vegna ekki?

Ég nefndi hringingar. Við höfum verið að hringja undanfarnar vikur í félaga okkar í flokknum, spjalla um komandi alþingiskosningar og fá fólk í sjálfboðaliðavinnu. Þar höfum við einmitt fundið fyrir þörf eldra fólks fyrir samtöl, gamals jafnaðarfólks sem man tímana tvenna úr verkalýðsbaráttunni og hefur ánægju af samtali við yngra flokksfólk. Ein gömul kona á Suðurnesjum sem Ragna forseti UJ hringdi í síðastliðinn laugardag sagði við hana að sér fyndist hún verða ung í annað sinn bara við það að ung kona úr flokknum hringdi í sig til að tala um pólitík og aðstæður fólks í sinni heimabyggð.

Eitt af mínum símtölum hefur ekki vikið úr huga mér. Ég talaði við einstæða, fjögurra barna móður sem hafði misst vinnuna, á leið að selja íbúðina vegna þess að hún réði ekki við afborganirnar, var í harki með íhlaupavinnu og fannst niðurlægjandi að skrá sig á atvinnuleysisbætur, þrátt fyrir að hafa greitt skatta og skyldur árum og áratugum saman.

Við eigum að haga komandi kosningabaráttu þannig að þessi einstæða móðir segi við sjálfa sig: Það borgar sig fyrir mig að kjósa Samfylkinguna. Vegna þess að hún trúir því í hjarta sér að við munum ekki unna okkur hvíldar fyrr en aðstæður hennar, og tugþúsunda annarra, hafa batnað. Vegna þess að við meinum það sem við segjum og gerum það sem við meinum. Vegna þess að fólk treystir okkur.

Gera það sem skiptir venjulegt fólk máli í þess daglega lífi.

Tala um það sem skiptir venjulegt fólk máli í þess daglega lífi.

Berjast fyrir breytingum sem skipta venjulegt fólk máli í þess daglega lífi.

Og við þurfum einlægt að spyrja okkur: Skiptum við máli fyrir venjulegt fólk í þess daglega lífi?

Aðal pólitískur ráðgjafi formanns breska Verkamannaflokksins, Claire Ainsley, skrifaði bók sem kom út árið 2018 og heitir The New Working Class, How to win hearts, minds and votes, eða Nýja verkalýðsstéttin, hvernig á að vinna hjörtu, hug og atkvæði. Fyrir utan áhugaverðar pælingar um þau gildi sem við eigum að tala um, fjölskyldu, sanngirni, vinnusemi og heiðarleika, þá segir hún á blaðsíðu 153 að stjórnmálaflokkar geri sig oft seka um að tala við sjálfa sig, gerandi ráð fyrir að þeirra hugmyndaheimur skipti kjósendur meira máli en hann gerir í raun og veru. Kjósendur hafa ekki áhuga á stjórnmálaflokkum, þeir hafa áhuga á sér, sínum aðstæðum og kjörum.

Íslenskt jafnaðarfólk: Við skulum hafa þetta í huga á þeim mánuðum sem fram undan eru, fram að kosningunum í september. Við skulum haga starfi okkar og athöfnum, gjörðum og skilaboðum þannig að launafólk sjái hag sínum best borgið með því að greiða jafnaðarmönnum atkvæði sitt. Við skulum sýna það í verki að við erum verð atkvæðanna. Við skulum berjast með orði og athöfnum, í bæjum og sveitum, á fundum og samkomum, á götum og í verslunarkjörnum, heima hjá okkur og á Austurvöllum Íslands.

Við skulum aldrei gefast upp!

Reykjavík er græn borg og vill vera það

Sunna Dögg Ásgeirsdóttir
vöruhönnuður

Grænn svæði eru eins og vítamínsprauta fyrir framtíðina og hafa mikil áhrif á framtíðarlýðheilsu borgarbúa. Mikilvægt er að standa vörð um réttinn til leiks og hreyfingar fyrir börn."

Þetta var birt á vef Reykjavíkurborgar sama dag og gröfu var komið fyrir við Vatnshólinn á Rauðarárholti. Þar er verið að grafa upp grænan hverfisgarðinn á Sjómannaskólareitnum.

Einnig er vitnað í grein eftir Katrínu Karlsdóttur skipulagsverkfræðing með meistarapróf í umhverfissálfræði sem birtist í Fréttablaðinu 29. ágúst 2019.

„Fyrir börn sem lifa við grænn svæði og fá þessa náttúru inn í sitt daglega líf hefur þetta áhrif á hreyfiþroska, félagsþroska og andlegan þroska. Það eru minni líkur á að börn sem alast upp nærri grænum svæðum þrói með sér geðræn vandamál."

Þetta er í algjörri andstöðu við það sem er að gerast á Sjómannaskólareitnum.

Ég tel þéttingu borgarinnar af hinu góða. En því þéttari sem borgin verður, þeim mun mikilvægari eru grænu svæðin. Þéttingin á Sjómannaskólareitnum er ekki nema 10% af þeirri þéttingu, 1.300 íbúðir, sem lögð er á hverfið í heild á árunum 2010-2030. Byggja á fyrir sjónlínur Sjómannaskólans og umhverfis Vatnshólinn, hverfisvernd virt að vetthugi. Listaverkinu Saltfiskstöflun eftir Sigurjón Ólafsson er stefnt í hættu sem og öðrum menningarminjum.

Er Klambratún ekki nóg?

Það er tún fullorðinna. Þangað fara börn ekki fylgdarlaus. Túnið er umlukið stórum umferðargötum, og þar er alls konar fólk á ferli. Klambratún er þó frábær almenningsgarður. Þar fá börn hins vegar ekki svalað ævintýraþörfinni.

Sjómannaskólareiturinn hefur segulmagnað aðdráttarafl. Er uppspretta ævintýra og iðar því af lífi árið um kring. Þar njörvar ekki hin ferhyrnda manngerða veröld niður ímyndunaraflið sem er ómissandi hluti af barnæskunni. Þegar þessi græni reitur fer undir malbik, líkt og móinn handan Kennaraháskólans, er ekkert eftir fyrir börnin í hverfinu nema steypt skólalóðin sem þegar telur fæsta fermetra per nemanda á landinu.

Á tímum tækninnar þar sem börn eru matreidd af áhorfsefni og geta fundið svör við öllu með Google að vopni, er mikilvægt að ýta undir að þau virki ímyndunaraflið sitt, því þannig eflist sjálfstraust og sjálfsálit þeirra. Brýnt er að skapa svæði, aðstæður og stundir þar sem börn þurfa að beita eigin sköpunarkrafti og elta eigið ímyndunarafl þangað sem það leiðir þau.

Cas Holman, leikfanga- og leiksvæðahönnuður, segir nauðsynlegt að meta gildi gleði og mikilvægi leiks á mótunar- og þroskaárum barna. Hún segir þar nauðsyn frjálsa útileiksins bera hæst. Tilgangur þess að leika sér úti er ekki annar en að útileikurinn leiðir leikinn áfram og tímaskynið hverfur. Það er hlutverk okkar fullorðna fólksins að hvetja börn til að elta forvitni sína eins langt og hún leiðir þau, með ímyndunaraflið og sköpunarkraftinn að vopni. Það eflir hugrekki þeirra og sjálfstæði.

Útileikur með vinum eflir einnig munnleg samskipti, gagnkvæma virðingu og traust fyrir náungannum sem er í raun grunnforsenda þess að mannkynið lifi af. Samhliða leikur, leikur í gegnum tölvu og textasamskipti eru orðin vandamál meðal ungmenna í dag. Svipbrigði sjást ekki og því átta ungmenni sig ekki á því hvort það sem þau skrifa er viðeigandi eða ekki. Á skjánum falla múrar mannlegra samskipta, tjáskipta og nándar.

Hvers vegna eruð þið Íslendingar svona góð í öllu? Er spurning sem ávallt dynur á okkar fólki sem er að skara fram úr um allan heim, á öllum sviðum mannlífsins; íþróttum, listum, tækni, viðskiptum og svo framvegis. Jú, að mínu mati er það vegna þess að við erum börn náttúrunnar, börn frelsisins. Alin upp við það gagnkvæma traust að fá að vera frjáls úti að kanna hvað umhverfi okkar hefur upp á að bjóða. Við erum alin upp við hlíðina, hraunið, sjóinn, dalinn, móann, Vatnshólinn og víðar. Við þurftum sjálf að finna hætturnar, skapa ævintýrin, finna áferðina á mosanum, þekkja lyngið, þefa af jurtunum og róta í moldinni.

Allt er þetta hluti af því sem nútímasamfélagið syrgir. Sem barn í náttúrunni ertu í núvitund, finnur lykt, jafnvel bragð af lyngi. Heyrir fuglasöng, lækjarnið og sérð allt það sem stormandi nútímamaðurinn er að fara á mis við í amstri hversdagsins. Tölvur og snjalltæki eru að ræna frítíma æskunnar, þroskanum sem fylgir útileiknum.

Hingað kom ástralskur sálfræðingur 2019 að rannsaka hvers vegna börn á Íslandi væru meira úti en í öðrum löndum. Niðurstaðan var einföld: Hér er óspillt náttúra í göngufæri barna. Frelsið og náttúran toga börnin út.

Útivera stuðlar að betri heilsu; lýðheilsu, geðheilbrigði og hreysti. Vatnshóllinn og nærumhverfi hafa þennan togkraft. Börn ganga inn í sinn eigin töfraheim. Stökkva steina á milli. Fara í feluleik í skóginum. Tína jurtir og bjóða upp á te. Rúlla niður grænar hlíðar Vatnshólsins er vora fer. Er vetrar breytist hóllinn í sleðabrekku. Fjölskyldur leggjast niður á hólnum, horfa á stjörnurnar og norðurljósin. Hver áramót safnast hverfið saman uppi á Vatnshólnum, engin brenna þörf.

Í Vatnshólnum má heyra hjarta hverfisins slá og þannig á það að vera um ókomna tíð.

Ráðherra á rangri leið

Agla Eir Vilhjálmsdóttir
lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Íslendingar búa við góða heilbrigðisþjónustu í alþjóðlegum samanburði. Hér ríkir almenn sátt um mikilvægi þess að tryggja öllum jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag, sem er vel. Hingað til má segja að þetta aðgengi hafi verið tryggt eftir mismunandi leiðum. Nú virðist heilbrigðisráðherra, í einbeittri andstöðu sinni við einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, stefna því aðgengi í hættu.

Samningar við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna runnu út árið 2018 og hefur ekki náðst að semja síðan þá. Umræddir sérfræðilæknar eru barnalæknar, háls-, nef- og eyrnalæknar, hjartalæknar og allt þar á milli. Í millitíðinni hefur verið stuðst við tímabundnar reglugerðir ráðherra um endurgreiðslufyrirkomulag á kostnaði. Nú hefur heilbrigðisráðherra kynnt nýja reglugerð, sem miðar að því að koma í veg fyrir að sjálfstætt starfandi sérgreinalæknar rukki viðbótargjald fyrir þjónustu sína. Læknar hafa hins vegar bent á að vandamálið kristallist í því að ráðherra ákveði einhliða einingaverð sem taki ekki mið af raunkostnaði þjónustunnar og deilt er um hvort það hafi fylgt verðlagsþróun. Þetta er ástæða þess að læknar hafa talið sig þurft að rukka viðbótargjald svo þjónustan standi undir sér.

Í stað þess að uppfæra gjaldskrána svo hún mæti raunkostnaði hefur ráðherra ákveðið, meðvitað eða ómeðvitað, að leggja grunn að tvöföldu heilbrigðiskerfi. Þetta eykur líkur á að hér á landi verði ekki boðið upp á tiltekna þjónustu enda muni hún ekki standa undir sér, eða þá að hún verði einvörðungu í boði án greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga. Þar með mun almenningur bera hærri kostnað sem getur beinlínis skert aðgengi lágtekjuhópa að heilbrigðisþjónustu. Með öðrum orðum: Þeir sem geta borgað hafa þannig meira val um læknisþjónustu en þeir sem hafa minna milli handanna.

Allir græða

Best væri ef heilbrigðiskerfið veitti fyrsta flokks þjónustu með öruggum hætti og án tafa, með þarfir sjúklingsins í huga. Þannig gætu sjúklingar fengið þá heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa á viðráðanlegu verði, óháð því hvert rekstrarform veitenda þjónustunnar er. Sem kaupandi heilbrigðisþjónustu ber hinu opinbera að beita sér til að ná fram sem bestu kjörum og tryggja betri gæði og hámarksskilvirkni í heilbrigðiskerfinu. Á þar ekki að breyta neinu hvort það veitir þjónustuna sjálft eða mótar ramma utan um hana og úthýsir henni með einum eða öðrum hætti.

Gott dæmi um hvernig sjúklingurinn hefur verið settur í forgang eru úrbætur sem gerðar voru á fjármögnunarlíkani heilsugæslustöðva, en fjármagn fylgir einstaklingnum nú í þá heilsugæslu sem hann velur sér, óháð rekstrarformi hennar. Í þjónustukönnun heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, sem Maskína framkvæmdi fyrir Sjúkratryggingar Íslands, kom fram að mest ánægja væri með einkareknar heilsugæslustöðvar. Samt sem áður er þjónusta þeirra hvorki dýrari fyrir sjúklinginn né hið opinbera.

Allir tapa

Hér á landi gætir misskilnings og jafnvel fordóma gagnvart einkaframtaki í heilbrigðisstarfsemi, einkum í tengslum við greiðsluþátttöku einstaklinga. Þannig hefur því verið haldið fram að hagnist fyrirtæki eða einstaklingur á starfseminni sé hún þar af leiðandi dýrari fyrir kaupandann. Þetta er ekki rétt – umrædd þjónusta er í flestum tilfellum mun hagkvæmari. Niðurstaðan er því ódýrari og betri þjónusta til neytenda. Í heilbrigðiskerfinu hefur borið á því að sjúklingar séu fluttir úr landi í hinar ýmsu aðgerðir með gríðarlegum kostnaði, í stað þess að samið sé við innlenda einkaaðila með auknu hagræði fyrir sjúklinginn og hið opinbera. Ef vel er staðið að gerð slíkra samninga skiptir engu hvort þjónustan sé framkvæmd á vegum hins opinbera eða einkaaðila enda er upphæðin sem fylgir sjúklingnum í báðum tilvikum sú sama.

Herferð gegn fjölbreyttum rekstrarformum í heilbrigðiskerfinu mun að óbreyttu leiða til verri nýtingar fjármuna og þar með verri þjónustu við landsmenn. Hún ýtir einnig undir spekileka með því að fæla frá sérfræðinga á sviðinu. Heilbrigðisráðherra á ekki að leysa einn vanda, þann að hafa ekki náð samningum, með því að búa til annan og verri. Nema markmið og lausn ráðherrans sé tvöfalt heilbrigðiskerfi með einkareknum sjúkratryggingum.

SUMARGLEÐI ORMSSON

aðeins
50 tæki
á tilboði

SAMSUNG Smart TV með Crystal UHD myndgæðum og 4K upplausn. Hér er allt það helsta í boði; Flottir litir, góð upplausn, Netflix, Youtube, Disney+ og margt fleira...

CRYSTAL UHD UHD 2000PQI

65" TÆKI Á SUMARTILBOÐI

KR. 139.900,-

KÍKTU Á ÚRVALIÐ

ORMSSON.IS

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

20. APRÍL 2021 ÞRIÐJUDAGUR

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Kristján Magnús Finnbogason

Dalseli 12,

lést á Landspítalanum Fossvogi 1. apríl 2021.
Útför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Dagmar Inga Kristjánsdóttir
Margrét Geirrún Kristjánsdóttir **Karl Þorsteinsson**
afabörn og langafabörn.

Ástkær sonur okkar,

Jón Ásgeir Halldórsson

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 11. apríl.
Fjölskyldan þakkar starfsfólki líknardeildar fyrir umhyggju og hlýju í hans garð. Útförin fór fram í kyrrþey.

Hugrún Jónsdóttir **Guðjón Helgi Þorvaldsson**
Halldór Sveinbjörnsson **Lumen Riondanga**

Okkar ástkæri

Aðalsteinn Dalmann Októsson

fyrrverandi verkstjóri,
Hjallaseli 55, áður Þórðarsveig 1,

verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju miðvikudaginn 21. apríl kl. 13. Vegna aðstæðna verður einungis nánasta fjölskylda viðstödd.

Aðalheiður Bergsteinsdóttir
Hjörtur O. Aðalsteinsson **Hildur Jónsdóttir**
Eygló Aðalsteinsdóttir **Flosi S. Valgarðsson**
Guðrún Aðalsteinsdóttir **Camillus B. Rafnsson**
Erling Ó. Aðalsteinsson
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson **Magnea Davíðsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Jón G. Bjarnason *útfararstjóri* | Guðmundur Baldvinsson *útfararstjóri*
Magnús Sævar Magnússon *útfararstjóri* | Sigurður Bjarni Jónsson *útfararstjóri*
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Helga Páley á vinnustofu sinni við Hólmaslóð en sýningin hennar er við Hverfisgötu 34 í Reykjavík út vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eins og að skyggnast inn í óræðan draum á sýningu

Húsvörðurinn sem sló í gegn er forvitnilegur titill myndlistarsýningar sem er opin fram á helgi í Þulu galleríi á Hverfisgötu 34 í Reykjavík. Höfundur er Helga Páley Friðþjófsdóttir. Hún segir margar hugmyndir sem hægt sé að hlaða á þennan húsvörð.

Olíumálverk og skúlptúrar mæta augum í Þulu galleríi á Hverfisgötu 34. Bak við verkin er listakonan Helga Páley Friðþjófsdóttir. Hún segir titil sýningarinnar, Húsvörðurinn sem sló í gegn, vera langsóttan brandara sem erfitt sé að útskýra.

„Sýningin er eins og að skyggnast inn í óræðan draum. Það er niðurstaðan. Ég byrjaði á að teikna mynd af húsverði á sviði og það er tómur salur fyrir framan hann. Hann gæti verið í félagsheimili eða leikhúsi og hann er að skúra. En þetta er eins og þegar maður lá í blómabeðinu í unglingavinnunni og hlakkaði til alls sem var fram undan. Krakkar geta flogið um í eigin heimi, það er eiginleiki sem tapast dálítið þegar fólk verður fullorðið og fyllir hausinn á sér af rökum. Sem betur fer getur húsvörðurinn enn gleymt sér í dagdraumum og leyfir sjálfum sér að fara eitthvert með það sem hann er að gera. Það eru margar hugmyndir sem hægt er að hlaða á þennan húsvörð.“

Sjálf kveðst Helga Páley hafa átt ömmubróður sem var húsvörður hjá sjónvarpinu eftir að hann brá búi. „Milljónamæringur getur safnað innantómum lúxusheitum en manneskjur sem eru sáttar við sjálfar sig geta séð uppsprettu að ævintýri í sínu nánasta umhverfi hvar sem er.“

Sýningunni lýkur 24. apríl.

gun@frettabladid.is

Húsvörðurinn:

Ég stend á sviði og horfi fram. Hvítt ljósið úr kösturunum skín beint í andlitið á mér svo mig verkjar í augun. Ég lít niður á svart sviðið svart og matt – svo matt að það er eins og það gleypi í sig allt ljós.

Ætli ljósið fari í gegnum sviðið og komi út hinum megin? Er þetta svarta svið undir fótum mér kannski skel yfir í síbjartan geim sem við sjáum ekki?

Kallað er úr sal: „Gerðu eitthvað!“ Ljósið blindar mig enn. Ég hvíli augun með því að fylgjast með mottunni strjúkast með dáleiðandi zik zak hreyfingum yfir sviðið.

Krakkar geta flogið um í eigin heimi, það er eiginleiki sem tapast dálítið þegar fólk verður fullorðið og fyllir hausinn á sér af rökum.

Elsku móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

Magnea Ingibjörg Sigurhansdóttir

Hringbraut 50, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund þann 14. apríl sl.

Sigurhans Valgeir Hlynsson
Steinunn Þrúður Hlynsdóttir
Óskar Hlynsson **Guðrún Magnúsdóttir**
Jóhann Bergur Hlynsson **Helga Þuríður Þórhallsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn, langalangömmubörn og aðrir ættingjar og vinir.

Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og barnabarn,

Egill Valgeirsson

Kambahrauni 25, Hveragerði,

verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju þriðjudaginn 20. apríl klukkan 13. Vegna fjöldatakmarkana verða einungis nánustu ættingjar og vinir viðstaddir.
Útförinni verður streymt á promynd.is/egill

Valgeir Ásgeirsson **Þórunn Sigurðardóttir**
Sigurður Valgeirsson **Sunna Björk Karlsdóttir**
Valur Rafn Valgeirsson **Díana Björk Olsen**
Sigurður Sigurdórsson **Erla Ragnarsdóttir**

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 20. apríl 2021

Vertu sæll, gamli góði vetur!

Konungur kvaddur

Síðasti dagur vetrar er á morgun. Sannkallaður gleðidagur í lífi íslensku þjóðarinnar sem kveður þar með kaldari daga og brosir mót blíðu og hækkandi sól.

Margir hafa fyrir sið að kveðja veturinn með gleðskap í góðra vina hópi, enda er hefðin að fagna fyrsta degi sumars með elstu hátíðum íslenskrar menningar. Og þótt kórónaveiran þvælist fyrir fjölmennum samfundum í ár má vel eiga glaða stund í sínum innsta hring og njóta vel í mat, drykk og sumarvísum, eða jafnvel vetrarljóðum til heiðurs Vetri konungi og hans fagra vetrarríki. Þá hafa sumir boðið sínum nánustu í sérstakt sumardagskaffi, með sumarlegum hnallþórum og íslensku kaffimeðlæti eins og fagurskreyttum brauðtertum, flatkökum, pönnukökum og nýsteiktum kleinum.

Gott frost fyrstu sumarnóttina

Samkvæmt íslenskri þjóðtrú er sagt að það boði gott sumar ef vetur og sumar frjósa saman. Dugar þá mörgum að fylgjast með hitamælinum hina fyrstu sumarnótt, hvort mælirinn fari undir frostmark, en margir setja út disk með vatni til að sjá að morgni sumardagsins fyrsta hvort vatnið hafi frosið um nóttina.

Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag í lok apríl eða fyrsta fimmtudag eftir 18. apríl. Hann er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur hinna sex sumarmánaða, samkvæmt gamla tímatalinu. Hann var einnig kallaður yngismeyjadagur á árum áður.

thordisg@frettabladid.is

Ólafur Sigurðsson er eigandi Varmáss sem hefur fært nýjustu framfarir og tækni inn í skóla, stofnanir og fyrirtæki landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hjálplegir róbótar sem sýna menn, hluti, staði og málefni

Rafeindavirkjameistarinn Ólafur Sigurðsson í Varmás hefur fært íslenskum skólum og fyrirtækjum mörg tækniundrin sem öll hafa gert þeim lífið auðveldara og skemmtilegra. 2

„Viskíglösin spruttu einfaldlega upp úr áhugamáli. Mig langaði sjálfum í „official“ viskíglös og tók eftir því að það var töluverður áhugi fyrir viskíi á Íslandi. Hins vegar voru Glencairn-glös ófáanleg hér á landi, en þau eru afar vinsæl hjá vískíáhugafólki. Ég hafði því samband við Glencairn í Skotlandi og fór í kjölfarið að selja þessi góðu viskíglös hér heima. Nokkrir viskíklúbbar hafa þegar látið merkja sér glös og einnig hafa hótel keypt þau,“ upplýsir Ólafur Sigurðsson, eigandi Varmáss, um skemmtilega hliðarvöru sem fyrirtæki hans flytur inn.

Varmás er nefnilega tæknifyrirtæki sem hefur frá upphafi selt og þjónustað ýmiss konar tæknibúnað.

„Þegar ég stofnaði Varmás árið 1989 var ég upphaflega með aðstöðu í bílskúrnum heima í Mosfellsbæ. Þegar aðstaðan varð of lítil keypti ég kjallarann í næsta húsi og var þar til ársins 1996 að ég keypti Markholt 2 undir starfsemina. Þremur árum seinna byggði ég við húsið um 108 fermetra og enn í dag er verið að huga að breytingum og meiri stækkun sem mun nýtast undir lagerinn,“ segir Ólafur sem ásamt Eyþóri G. Jónssyni stofnaði einnig rafeindahlutaverslunina Íhluti sem starfrækt hefur verið í Skipholti 7 síðan 1992.

Gott tæknilæsi notadrjúgt

Ólafur er rafeindavirkjameistari sem hefur unnið í tækniumhverfinu síðastliðin 48 ár.

„Því má segja að tækni og tækniþróun hafi fylgt mér lengi. Eins og allir vita er tæknin í stöðugri þróun og hef ég árlega sótt margar tæknisýningar til að fylgjast með og sjá nýja strauma. Í sumum tilfellum er ég beðinn um að finna lausnir fyrir viðskiptavini sem koma þá með hugmyndir um hvers kyns búnað sem þeir þurfa, eða vandamál sem þarf að leysa, og oftast finn ég lausnina fyrir þá,“ greinir Ólafur frá og nefnir sem dæmi fyrirspurn frá Ráðhúsi Reykjavíkur.

„Þar vantaði ljósasúlur sem telja niður ræðutíma fyrir ræðuborð í borgarstjórnarsalnum og eftir að hafa fundið búnað fyrir Ráðhúsið og sett hann upp þar er ég með slíkan búnaði í sölu hjá Varmás.“

Ólafur segir ungt fólk vera einkar meðvitað um tækni og fljótt að tileinka sér hana.

„Til að gera sér grein fyrir virkni og notagildi tækninnar er betra að hafa gott tæknilæsi. Sumir af eldri kynslóðinni eru ekki eins öruggir með tæknina, eða eru hræddir að prófa og tileinka sér hana. Þó eru til einstaklingar sem eru óhræddir við að nýta sér tæknina og sjá það helst að hún léttir þeim verkið til muna með því að forvinna verkin og nota þau aftur og aftur.“

Gróðursetja tré fyrir hvern skjá

Ólafur hóf innflutning á gagnvirkum SMART-töflum árið 2001 og hefur síðan selt slíkan búnað í marga íslenska skóla. SMART var stofnað í Calgary í Kanada árið 1984.

„SMART er brautryðjandi í gagnvirkum töflum og skjáum,“ segir Ólafur og heldur áfram: „Ég myndi segja að notkun á gagnvirkum töflum og skjáum hafi valdið straumhvörfum í kennslu og fundarherbergjum, og eru margir kennarar á sama máli og ég. Erlendis hafa verið gerðar rannsóknir sem hafa sýnt fram á aukinn námsárangur. Kennslan verður meira lifandi með notkun slíks búnaðar, þar sem kennarar hafa meiri möguleika hvað varðar fjölbreytni í námsefni og kennsluaðferðum til að grípa athygli og áhuga nemenda.“

Varmás flytur einnig inn gagnvirka skjái frá Prowise og ýmsar gerðir af rafmagns-hjólafestingum fyrir skjáina. Þess má geta að Prowise gróðursetur tré fyrir hvern skjá sem seldur er.

„Í dag er þróunin orðin sú að komnir eru gagnvirkir snertiskjáir á hjólaborðum sem hægt er að hækka og lækka og halla í borð. Nýjasta verkefnið mitt var uppsetning á sex skjáveggjum í skóla í Reykjanesbæ, þar sem hver skjáveggur samanstendur af níu 49" LG-skjáum sem eru tengdir saman og mynda eina heild. Þá settum við jafnframt upp gagnvirka skjái frá Prowise í kennslustofur skólans.“

Ólafur er vakinn og sofinn yfir hvers kyns tækninýjungum sem íslenskir skólar, fyrirtæki og stofnanir njóta góðs af, en inni á milli flytur hann inn óvenjulegar og skemmtilegar vörur, eins og viskíglös og hitara sem hita kalt vatn um leið og skrúfað er frá krananum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Með gagnvirkum snertilausum skjám er hægt að mynda heilu skjáveggina sem valda straumhvörfum þegar kemur að þægindum í kennslustofum og fundarherbergjum.

Fjærverur hjálpa mannverum

Á upphafsárum Varmáss vann Ólafur eingöngu að tölvu- og tæknibúnaði fyrir skóla landsins.

„Seinna meir fór ég að snúa mér að öllum markaðnum því ég sá að búnaðurinn hentaði jafnt skólum, stofnunum og fyrirtækjum,“ segir Ólafur.

Nýjasta varan hjá Varmási eru róbótar sem Ólafur kallar því skemmtilega nafni fjærverur en nafnið er komið frá Háskólanum á Akureyri. Þær hafa marga kosti og fjölbreytt notagildi, og nefnir Ólafur þrjú dæmi fyrir mismunandi stofnanir.

„Í skólum getur nemandi sem ekki kemst í skólann fengið að tengjast fjærveru og verið í tíma, tekið þátt í umræðum og farið á milli stofa með því að stjórna fjærverunni. Á milli kennslustunda getur hann einnig verið með skólafélögum sínum og haldið þannig félagslegum tengslum, sem eru líka mikilvægur þáttur í skólagöngunni. Annað dæmi er sjúkrahús á landsbyggðinni þar sem læknir á Reykjavíkursvæðinu gæti tekið þátt í stofugangi og talað við sjúklinga, og eins gæti læknir á einhverju stóru sjúkrahúsanna aðstoðað með fjærveru á heilsugæslum og tengdum stofnunum, en það er háð því að fjærvera sé þar til staðar. Í fyrirtækjum er svo hægt að nota fjærveru til að bjóða utanaðkomandi á fjarfund þar sem hægt er að ferðast innanhúss og skoða sig um, og jafnvel skoða vöruúrval,“ upplýsir Ólafur um gagnlega rótbótana sem hægt er að stjórna hvaðan sem er ef netsamband er til staðar; til að ferðast um rými og stjórna því sjálfur hvar maður er.

„Eins og er eru fjærverur aðallega notaðar innanhúss og þá einungis á einni hæð þar sem háir þröskuldar eru ekki til staðar, því hún myndi stoppa á þeim vegna skynjara sem sér fyrirstöðu fyrir framan sig og niður á gólf. Þessi tækni er auðvitað í sífelldri þróun svo það er eflaust bara tímaspursmál hvenær hægt verður að skoða land og þjóð með fjærveru, hvernig sem viðrar.“

Skrúfað frá hita á köldu vatni

Varmás selur einnig eftirsótta hitara sem hita vatn um leið og skrúfað er frá krananum og henta vel á svæðum þar sem eingöngu er kalt vatn.

„Ég hef verið með þessa hitara síðastliðin átta ár, bæði fyrir 220 volt og þriggja fasa, en hitararnir hita vatnið um leið og skrúfað er frá og slökkva síðan á sér þegar skrúfað er fyrir. Margar stærðir eru til fyrir mismunandi notkun og hafa mikið verið keyptir fyrir sumarbústaði. Með þessum græjum er hægt að sleppa hitakút og er sparnaður í orkunotkun og plássi þó nokkur,“ útskýrir Ólafur.

Varmás er líka með skjávarpa, hljóðkerfi, bókvarpa, stjórnbúnað fyrir skólabjöllur, svo fátt sé upptalið.

„Undanfarin ár hef ég útvegað perur í skjávarpa og get fengið perur í flestar gerðir innan örfárra daga. Við erum líka með OMBEA-búnað sem gefur einkunn eða álit á þjónustu og er hægt að staðsetja á mörgum stöðum, sérstaklega þar sem umgangur er, og í ýmsum útfærslum. Það nýjasta frá OMBEA er snertilaust takkaborð en þá þarf einungis að setja höndina yfir takkann til að gefa einkunn,“ upplýsir Ólafur.

Varmás er með umboð fyrir Interspace sem framleiðir ýmsan búnað fyrir ræðusali, svo sem stillanlegar klukkur sem telja niður ræðutíma og sýna niðurtalningu á ljósasúlu með grænu, gulu og rauðu ljósi. Einnig er hægt að fá skjái sem sýna klukku og niðurtalningu, eða búnað sem varpar henni á myndupptöku.

„Við erum líka með búnað frá Sapling sem stjórnar klukkum og bjöllum í til dæmis skólum.

Robotel auðveldar tungumálanám.

Skosku Glencairn viskíglösin góðu.

Prowise gagnvirkur snertiskjár.

Með honum er hægt að samtengja klukkur sem staðsettar eru víða um skólann eða stofnunina. Búnaðurinn sækir uppfærslur á tíu klukkuþjóna víðs vegar um heim og er klukkan því alltaf rétt. Einfaldur hugbúnaður fylgir stjórnbúnaði og hægt að stilla allt skólaárið inn í einu, og hringja þá bjöllurnar einungis á skóladögum en ekki frídögum,“ útskýrir Ólafur sem hefur einnig selt Sapling-búnað í fyrirtæki og fiskvinnslu þar sem hann er til dæmis notaður til að hringja inn og út kaffi- og matartíma.

Tæknivörur fyrir öll verkefni

Fleiri áhugaverðar vörur sem Varmás býður viðskiptavinum eru:

AVER bókvarpar (e. visualizer) og fjarfundabúnaður. Bókvarpar eru tæki sem tengjast við tölvu og varpa mynd af því sem sett er undir þá. Þeir leysa af hólmi gömlu glæruvarpana sem mikið voru notaðir í skólum og vörpuðu mynd frá glæru á vegg. Sumar tegundir er einnig hægt að tengja við smásjár, sem kemur sér vel, til dæmis í kennslu raungreina.

aSc Timetables er hugbúnaður til að búa til stundatöflur og sannreyna þær, það er að stundataflan skarist ekki tímalega og að kennari sé ekki að kenna í tveimur kennslustofum. Hægt er að flytja stundatöflur frá þessum hugbúnaði yfir í Info Mentor kerfið sem margir skólar nota.

Hér sést nett fjærvera á ferðinni.

Hljóðkerfi – raddhjálp: Röddin er mikils virði en kennarar nota hana mikið á hverjum degi sem leiðir oft til þess að með tímanum verða þeir sárir í hálsi. Með hljóðbúnaði í kennslustofum þarf kennari ekki að beita röddinni eins mikið því búnaðurinn magnar upp röddina og varpar hljóðinu jafnt um alla stofuna.

Robotel er með hugbúnað fyrir tungumálaver og tungumálakennslu sem gerir fjarkennslu tungumála auðvelda með því að færa hana yfir í tölvur og snjalltæki nemenda og gerir kennara kleift að fara yfir verkefni einstakra nemenda þegar þeim hentar, um leið og þeim er skilað.

Mersive framleiðir fjarfundabúnað sem tengist við skjái í fundarherbergi. Tölvur og snjalltæki tengjast þráðlaust við búnaðinn og geta þátttakendur á fundum þannig deilt efni upp á skjáinn, til dæmis glærukynningu eða sínum eigin skjá, jafnvel margir í einu. Þegar ekki er verið að nota búnaðinn sem fjarfundabúnað er hægt að nota hann sem upplýsingaskjá í fyrirtækinu.

Varmás er í Markholti 2 í Mosfellsbæ. Sími 566 8144. Allar nánari upplýsingar á varmas.is

Sumardekk

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 20. apríl 2021

Kynningar: Nesdekk, Klettur, Sólning

Nú á COVID-19 tímum þarf að huga vel að sóttvörnum og því eru allir starfsmenn hjá Nesdekkjum vel sprittaðir og bera grímur og hanska. Enginn starfsmaður fer inn í bílana, heldur aka eigendur bílunum sínum sjálfir inn á gólf. Lengri opnunartími að Breiðhöfða á að stuðla að því að færri viðskiptavinir séu á staðnum á sama tíma til að minnka smithættu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

Þjónustan skiptir öllu máli

Nesdekk hafa þjónustað Íslendinga með hjólbarða- og smurþjónustu í yfir 20 ár og er fyrirtækið orðið leiðandi á dekkjamarkaðinum á Íslandi. Á nýrri heimasíðu má skoða úrval, lagerstöðu, verð og bóka tíma í dekkjaskipti. **2**

Nesdekk, sem er fjölskyldufyrirtæki með yfir 40 ára sögu, leggja alla áherslu á persónulega þjónustu, bestu fáanlegu vörumerki og hófsemi og skynsemi í vexti. „Stígandi lukka er alltaf best og við pössum upp á að eiga alltaf fyrir því sem við byggjum," segir Ólafur Benediktsson, framkvæmdastjóri Nesdekkja.

Hvergi betri aðbúnaður til dekkjaskipta

Nesdekkjaverkstæðin eru í dag orðin sex talsins í Reykjavík, Garðabæ, Reykjanesbæ og á Akureyri. „Þessu til viðbótar erum við nú komin með yfir 80 endursöluaðila um land allt þannig að allir ættu að geta fundið þjónustuaðila í sinni heimabyggð. Í höfuðstöðvum fyrirtækisins á Breiðhöfða er svo búið að opna stærsta og nútímalegasta verkstæði landsins þar sem atvinnumenn njóta þess að geta keyrt bíla sína beint í gegnum húsið en hægt er að þjónusta allt að fjóra vörubíla af stærstu gerð ásamt nokkrum sendibílum í einu. Á fólksbílaverkstæðinu eru svo niðurgrafnar dekkjalyftur þannig að engin hætta er á að reka bílinn upp undir, engin dekkjavél er eldri en tveggja ára (en á sumum dekkjaverkstæðum þekkist að menn séu að nota upp undir 30 ára gamlar vélar). Auk þess bjóðum við upp á snertilausar umfelgunarvélar þannig að óhætt er að segja að þú finnur ekki betri aðbúnað til dekkjaskipta," segir Ólafur.

Netverslun, einfalt og öruggt

„Á seinasta ári opnuðum við svo fyrir vefverslun á heimasíðunni okkar nesdekk.is þar sem neytendur geta á einfaldan hátt séð allt úrvalið fyrir þeirra bíla og auðveldlega pantað dekk heim að dyrum." Mjög mikið úrval er í boði á síðunni og auðvelt er að bera saman dekk og verð.

Tímapantanir létta fólki lífið

Samhliða er einnig hægt að panta tíma í dekkjaskipti bent á vefsíðunni og því hægt að koma áhyggjulaus á staðinn þar sem allt er tilbúið. „Nú er tími til að skipta yfir í sumardekkin og hefur þessi tími alla jafna einkennst af löngum biðröðum. Við í Nesdekkjum höfum brugðist við þessum vanda með því að bjóða fólki þann valkost að panta tíma fyrir bílinn í dekkjaskipti fyrir fram á verkstæðunum á Breiðhöfða og Fiskislóð. Þetta er spurning um að létta fólki lífið. Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með þessa nýjung, enda er fólk almennt vant því að bóka tíma fyrir fram þegar um annars konar þjónustu er að ræða, samanber klippingu eða læknavitjun." Ólafur bendir líka á að eftir sem áður geti fólk valið að fara í röð á öðrum Nesdekkjaverkstæðum.

Fagmenn í öllum stöðum

Hjólbarðaverkstæði Nesdekkja eiga það sameiginlegt að veita dekkjakaupendum fyrsta flokks þjónustu. Þar finna bíleigendur sömuleiðis einhverja breiðustu línu af hjólbörðum sem völ er á. Að sögn Ólafs er það viðurkennd staðreynd að dekkin hafa heilmikið að segja um aksturseiginleika bílsins og því veltur öryggi ökumanna og farþega á gæðum þeirra.

„Þess vegna skiptir miklu máli að velja réttu dekkin fyrir réttar aðstæður og fyrir farartækið þitt. Við kappkostum að hjá Nesdekkjum séu fagmenn að störfum sem geti veitt bestu ráðgjöf við dekkjaval og þjónustu sem völ er á. Viðskiptavinirnir geta treyst okkar mönnum fyrir bílum sínum og atvinnutækjunum þegar dekkin eru annars vegar."

Hjólbarðar frá helstu framleiðendum

Hjá Nesdekkjum finnur þú hjólbarða frá mörgum af þekktustu framleiðendum í heimi. Má þar nefna Toyo, Pirelli, Laufenn, Maxxis, Mastercraft, Nangkang, GT radial og Interstate. Jafnframt miklu úrvali af dekkjum undir fólksbíla hafa Nesdekk lagt mikinn metnað í að bjóða upp á vörubíladekk í breiðu úrvali og miklum gæðum frá framleiðendunum Pirelli, Laufenn og Doublecoin.

Allir á dekki frá kl. 6.00–23.00 að Breiðhöfða 13

Óhætt er að segja að mikið gangi á þessa dagana hjá Nesdekkjum á Breiðhöfða. „Þessi tími er okkar vertíð og þegar eftirspurnin eftir þjónustu er mikil er brýnt að skipuleggja starfsemina vel. Við erum því á fullu gasi frá kl 6.00 á morgnana til 23.00 á kvöldin í vortörninni. Þannig náum við að þjóna enn fleiri viðskiptavinum," segir Ólafur. Lengri opnunartími að Breiðhöfða er einnig hugsaður út frá því að færri viðskiptavinir séu á staðnum á sama tíma. Þá áréttar Ólafur að nú á COVID-19 tímum séu allir starfsmenn vel sprittaðir, beri grímur og hanska. Þá fari enginn starfsmaður inn í bílana og að eigendur aki bílum sínum sjálfir inn á gólf.

Nánari upplýsingar á nesdekk.is og í síma 561-4200.

Nesdekk eru með verkstæði á sex stöðum á landinu. Þau eru á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Á Breiðhöfða 13 er nú opið frá 06.00 – 23.00 alla virka daga til að mæta eftirspurn.

Viðskiptavinir eru ánægðir með þann kost að geta nú bókað í dekkjaskipti á netinu, enda er fólk almennt vant því að geta bókað tíma fyrir fram til þess að sleppa við langar biðraðir.

Ólafur Benediktsson, framkvæmdarstjóri hjá Nesdekkjum, segir að dekkin hafi heilmikið að segja um aksturseiginleika bifreiðarinnar og því veltur öryggi ökumanna og farþega á gæðum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

Dekkjaverkstæði Nesdekkja að Breiðhöfða 13 er stærsta og eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita bílum af öllum stærðum og gerðum fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu.

Sjáðu úrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080
Tímabókun

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun

Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210
Röð

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600
Röð

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333
Röð

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350
Tímabókun

NESDEKK
Öryggi í umferð síðan 1996

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

Jóhann Thorleifsson er stöðvarstjóri á nýjasta verkstæði Kletts, sem er staðsett á Lynghálsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjá Kletti er áhersla á mjög góða og persónulegu þjónustu.



Klettur býður upp á gríðarlegt úrval af endingargóðum dekkjum frá fjölbreyttum framleiðendum á mjög breiðu verðbili.

Dekk á verði sem hentar öllum

Klettur rekur fjögur dekkjaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar geta fengið góða og persónulega þjónustu. Þar er boðið upp á fjölbreytt úrval af dekkjum á breiðu verðbili.

Klettur er leiðandi í sölu og þjónustu fyrir breiða línu alls kyns bifreiða og véla, en fyrirtækið selur líka ýmsan hliðarbúnað og fylgihluti frá þekktum vörumerkjum. Klettur rekur verkstæði, smurstöð og fleira í Klettagörðum og er með dekkjaverkstæði á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem boðið er upp á góða og persónulega þjónustu.

Persónuleg þjónusta

„Hér hjá Kletti leggjum við okkur fram um að bjóða upp á mjög góða þjónustu og við viljum hafa þetta á persónulegu nótunum. Við gerum allt sem við getum fyrir kúnnann," segir Jóhann Thorleifsson, stöðvarstjóri á nýjasta verkstæði Kletts, sem er staðsett á Lynghálsi. „Við þjónustum alla, bæði fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.

Við erum með ýmsa fastakúnna en þeir sem koma af götunni fá sömu gæðaþjónustu og þeir sem eru á samningi," segir Jóhann. „Við gerum líka alltaf okkar besta til að redda fólki úr vandræðum og vera lausnamiðaðir. Ef einhver er til dæmis að fara eitthvað á haustin en þarf dekkjaskipti fyrst reynum

> Við erum með ýmsa fastakúnna en þeir sem koma af götunni fá sömu gæðaþjónustu og þeir sem eru á samningi. Við gerum líka alltaf okkar besta til að redda fólki úr vandræðum og vera lausnamiðaðir.

við að koma viðkomandi að, jafnvel þó að það sé fullbókað.

Við vorum að opna hér á Lynghálsi núna í október og erum enn að koma okkur á kortið en það gengur vel. Það er mikið af fyrirtækjum hér í kring sem versla við okkur," segir Jóhann.

Dekk á breiðu verðbili

„Við bjóðum upp á gríðarlegt úrval af endingargóðum dekkjum frá fjölbreyttum framleiðendum á mjög breiðu verðbili. Við erum meðal annars með dekk frá Goodyear, Nexen, Sava og Hankook, þannig að við bjóðum bæði upp á þau allra fínustu og líka mjög góð ódýrari dekk fyrir þá sem hafa minna á milli handanna," segir Jóhann. „Þannig að það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi, en það er hægt að skoða allt úrvalið á heimasíðunni okkar.

Við bjóðum líka upp á dekkjahótel fyrir okkar viðskiptavini, þannig að þeir sem vilja geta geymt dekkin sín hjá okkur gegn vægu gjaldi," útskýrir Jóhann. „Þá er mjög þægilegt að panta bara tíma í dekkjaskipti og þá verða dekkin til reiðu þegar þú kemur. Þannig sleppur fólk við að burðast með þau niður í geymslu eða þurfa að finna einhvern annan stað fyrir þau."

Nánari upplýsingar má finna á klettur.is.

Aðstoð með allt sem tengist bílnum

Hjá Sólningu sinna reyndir starfsmenn hjólbarðaþjónustu. Þar er fjölbreytt úrval af dekkjum í öllum verð- og gæðaflokkum og boðið er upp á alls kyns auka þjónustu fyrir bílinn. Á Smiðjuvegi er líka boðið upp á stafræna biðröð.

Sólning býður upp á fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu með fullkomnum tækjabúnaði og rekur dekkjaverkstæði á fjórum stöðum; á Smiðjuvegi 34 í Kópavogi, í Skútuvogi 2 í Reykjavík, í Hjallahrauni 4 í Hafnarfirði og á Fitjabraut í Njarðvík.

„Síðustu daga hefur verið heilmikið að gera vegna dekkjaskipta landans og til að mæta eftirspurninni tvöföldum við starfsmannafjölda okkar þessa dagana," segir Aron Elfar Jónsson, framkvæmdastjóri Sólningar. „Sólning er með gríðarlega reynslumikla starfsmenn í þessum bransa sem hafa flestir starfað í þessu fagi í áraraðir og við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð."

Aron Elfar Jónsson, framkvæmdastjóri Sólningar, segir að þar sé lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og starfsmannafjöldinn sé tvöfaldaður þessa dagana til að mæta eftirspurninni eftir dekkjaskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allar gerðir dekkja

„Við eigum fjöldann allan af dekkjum undir alla bíla í góðum gæðum og á mjög flottum verðum," segir Aron. „Við bjóðum meðal annars upp á Hankook dekk, sem hafa verið í gríðarlegri þróun síðustu ár, en þau hafa verið að keppa við flottustu merkin, þrátt fyrir það að vera áberandi ódýrari. Einnig erum við með Nexen dekk, sem voru upphaflega hönnuð fyrir Porsche bifreiðar. Það eru gríðarlega flott dekk sem eru líka á góðum verðum.

Nýlega fórum við svo að bjóða upp á amerísk dekk frá Goodyear, sem er það allra flottasta á markaðnum í dag," segir Aron. „En við bjóðum líka upp á fjöldann allan af ódýrari kostum í dekkjum."

Stafræn röð á netinu

„Við höfum lagt upp með það að sleppa því að hafa tímapantanir, þar sem flestir okkar kúnnar vilja komast að samdægurs," segir Aron. „Á Smiðjuveginum erum við með númerakerfi sem við vörpum inn á heimasíðuna okkar, solning.is. Þú þarft að koma til okkar og sækja þér númer í röðina en svo geturðu skotist frá ef þú þarft eitthvað að stússast og getur einfaldlega fylgst með stöðunni á röðinni í símanum. Á hinum stöðunum erum við svo einfaldlega með klassískar biðraðir.

Við þössum rosa vel að fylgja öllum fyrirmælum sóttvarnalæknis á öllum okkar verkstæðum og höfum sett upp gler fyrir framan starfsmenn í afgreiðslum og erum að sjálfsögðu með spritt við posa og aðra snertifleti," útskýrir Aron.

Fjölbreytt þjónusta

Sólning býður upp á ýmsa auka þjónustu fyrir utan dekkjaskiptin.

„Dekkjageymsla eða dekkjahótel er einnig hluti af okkar

> Sólning er með gríðarlega reynslumikla starfsmenn í þessum bransa sem hafa flestir starfað í þessu fagi í áraraðir.

þjónustu og við bjóðum fólki upp á að geyma dekkin hjá okkur á milli dekkjaskipta," segir Aron.

„Svo höfum við einnig til taks fullkomna hjólastillingarbekki á verkstæðum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Rétt hjólastilling skiptir sköpum til að auðvelda ökumönnum stjórn á ökutækinu og hámarka jafnvægi bílsins við hemlun," útskýrir Aron. „Hún eykur einnig líftíma hjólbarðanna, dregur úr eldsneytiseyðslu og gerir aksturinn þægilegri. Hjólastilling borgar sig upp á afar skömmum tíma í dekkjasliti og eldsneytiseyðslu bílsins.

Sólning er með fjöldann allan af dekkjum undir alla bíla í góðum gæðum og á mjög góðum verðum. Þar er bæði hægt að fá dekk í ódýrari kantinum og það allra flottasta á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við höfum líka verið með smáviðgerðir á bílum á milli dekkjatarna og þá getum við lagað allt í hjólabúnaði bílsins," segir Aron. „Síðast en ekki síst tökum við líka að okkur hefðbundna smurþjónustu.

Við hvetjum fólk til þess að hafa samband við okkur í síma, tölvupósti eða á samfélagsmiðlum, við erum hér til að aðstoða með allt sem tengist bílnum þínum," segir Aron að lokum.

Hægt er að hafa samband við Sólningu í síma 544 5000, í gegnum netfangið solning@solning.is, í í gegnum vefsíðuna solning.is og á samfélagsmiðlum.

Skipti nánast oftar um dekk en föt

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Útivistar- og ævintýrakonan Elín Björg Björnsdóttir kynntist hjólreiðum af alvöru árið 2015 og þá varð ekki aftur snúið. Samhliða hjólamennskunni hefur Elín þróað með sér mikinn áhuga og þekkingu á dekkjum enda er fátt sem skiptir jafn miklu máli í hjólreiðunum og að vera með viðeigandi dekkjabúnað.

„Ég er alin upp við í útivist og ævintýraferðamennsku og veit ekkert betra en að leika mér í náttúrunni, hvort sem það er að klifra upp fjöll, renna niður fjöll, sigla ár, kafa, surfa og nú síðast en ekki síst, hjóla," segir Elín, létt í bragði. „Auk þess hef ég alla mína tíð verið mikil íþróttamanneskja og æft fjölbreyttar íþróttir af krafti."

Hugljómun á Fjallabaki

Elín rifjar upp áhrifamikið augnablik sem markaði upphaf ástríðu sem ekki sér enn fyrir endann á. „Ég byrjaði að hjóla af einhverju viti árið 2015 þegar ég fór með vinkonum mínum í fjögurra daga fjallahjólaferð (sem er enn árleg) upp á Fjallabak. Ég þekkti svæðið vel en þegar ég hjólaði um það í fyrsta skipti var líkt og opnaðist ný vídd og ég sá heiminn í öðru ljósi. Ekki varð aftur snúið, ég bara elskaði að hjóla," segir hún.

„Ég náði fljótt ágætis færni en ég er með smá bakgrunn úr mótorsporti og held því fram að það hafi hjálpað til við beitingu og hraða á fjallahjólinu."

Það var þó aðeins seinna sem ástríðan náði nýjum hæðum. „Það var svo haustið 2019 að ég var göbbuð inn í heim götuhjólreiðanna. Þá fyrst fékk ég alvarlega dellu og líf mitt byrjaði alfarið að snúast í kringum hjól."

Hvað er það sem heillar þig svona við hjólreiðar?

„Ef ég ætti að lýsa hjólreiðum í einu orði þá væri það „frelsi". Það að geta ferðast um fjöll og firnindi, borgir og bæi, ein eða í góðum hóp, fá loft í lungun, roða í kinnar, útrás og hugarró. Færð allt þetta og meira til í einum umhverfisvænum pakka. Ansi heillandi pakki," segir Elín brosandi.

Er eitthvert ákveðið augnablik sem stendur upp úr?

„Þegar ég lít til baka þá er það ekki endilega eitt eftirminnilegt augnablik. Vissulega eru margar virkilega góðar minningar, persónulegir og veraldlegir sigrar. Síðasta sumar var mitt fyrsta keppnissumar og það í heild sinni er núna mjög eftirminnilegt. En þegar öllu er á botninn hvolft er það lífið og lífsstílinn sem fylgdi hjólreiðunum sem hefur gefið mér mest."

Elín Björg Björnsdóttir kolféll fyrir hjólamennskunni. Hún byrjaði að keppa síðasta sumar og tók þátt í fjölda keppna en í sumar mun hún keppa undir merkjum hjólreiðafélagsins Tinds. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Elín í Þórsmörk á „basic leikdekk jum". MYND/MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR

Hefurðu lent í háska?

„Mér leiðist ekkert fara hratt og hraða fylgir ákveðin áhætta. Ég hef tvisvar sinnum slasað mig þannig að ég var úr leik í smá tíma. Brotnaði frekar illa í svissnesku ölpunum 2016, það tók smá toll en gréri nú allt á endanum."

Meiri nánd við dekkin

Elín var ekki ókunnug dekkjum áður en hjólamennskan kom til sögunnar en samhliða henni fór áhugi hennar á dekkjum vaxandi.

Dekkjaviðgerð í miðri Enduro-keppni 2020. MYND/SIMBI SÆVARS

Frá Íslandsmótinu í fjallabruni á Akureyri á grófum og þungum dekkjum. MYND/ÁRMANN HINRIK

„Það má segja að dekkjaáhuginn hafi magnast með hjólreiðunum. Ég hef verið að vasast í ýmsu í gegnum tíðina. Ég er með meiraprófið og próf á nánasta hvaða tæki og tól sem eru með dekk eða belti. Það lærist fljótt hvar og hvenær góð dekk skipta máli. En þegar nándin við dekkin eru orðin jafn mikil og hún er á hjólinu þá fór ég alveg að pæla mun meira í dekkjum."

Elín stundar hjólreiðar allan ársins hring og segir færð og veður sjaldan stoppa sig. Hún er því afar fróð um þær gerðir dekkja sem henta á mismunandi árstíma.

„Stærsti munurinn á sumar- og vetrardekkjum á Íslandi eru líklegast naglar. Vetrardekk eru yfirleitt aðeins breiðari, með grófara mynstri sem kastar frá sér snjó og slabbi. Vetrardekkin eru mun þyngri en á móti sterkbyggðari og veita meira viðnám. Svo er það bara persónubundið hvort fólk fer í naglana eða ekki. Sjálf kýs ég að hjóla á vel negldum dekkjum á veturna og það er ansi mikil veisla þegar maður skiptir svo yfir í fisléttu sumardekkin að vori til," segir hún.

„Þar sem dekkin eru fyrsta og eina tengingin þín við undirlagið þá finnst mér frekar mikilvægt að vanda valið og hafa dekkin í lagi."

Rétt dekk fyrir réttar aðstæður

Elín nefnir nokkur atriði sem æskilegt er að hafa í huga áður en dekk eru valin. „Þegar maður velur dekk á hjól er gott að hafa í huga hvar

Léttari og fín dekk sem henta vel á klappir. MYND/MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR

þú ætlar að eyða mestum tíma á hjólinu þínu. Ef þú ætlar að vera í borginni á malbikuðum stígum þá henta mjó og slétt dekk vel þar sem þau rúlla vel. Ef þú ætlar að vera á blönduðum stígum væri gott að skoða sterkari og gripmeiri dekk," útskýrir hún.

„Svo þegar þú ert komin út í fjallahjólreiðar þá flækist þetta enn meira. Þá er maður farin að pæla í ákveðnum mynstrum, kubbastærð, styrkleika, þyngd og fleiru. Vissulega er þetta komið á frekar nördalegt stig þegar maður er komin út í slíkar pælingar en höfuðreglan er bara að velja rétt dekk fyrir réttar aðstæður."

Elín greinir frá því að hún skipti nokkuð reglulega um dekk á hjólunum sínum en ljóst er að það eru heilmikil vísindi að baki því hvaða dekk verða fyrir valinu hverju sinni.

„Á götuhjólinu er ég með sterk æfingadekk sem þola hnjask og slitna síður en set svo keppnisdekk undir þegar svo ber við. Það sama á við um fjallahjólin, þar er ég með uppáhaldsdekk sem ég nota við leik og æfingar en þegar ég fer að keppa vel ég dekk eftir gerð brautar. Sum dekk eru góð í sleipum klettum, önnur betri í blautri drullu og svo framvegis."

Ertu með einhver markmið tengt hjólamennskunni?

„Já, ég er með fjölmörg markmið en er ekki alveg tilbúin að deila þeim öllum með alheiminum. Þetta sumar fer ég í nýjan keppnisgalla og mun keppa undir merkjum hjólreiðafélagsins Tinds. Ég stefni upp á við og ætla að gera enn betur næsta tímabil, halda áfram að hafa gaman og efla sportið."

Það verður meira en nóg um að vera hjá Elínu í sumar. „Nú er ég bara á fullu að undirbúa mig fyrir fyrstu keppnir sumarsins en mótaskráin er vel pökkuð. Einnig er ég með nokkrar fjallahjólaferðir á hálendi Íslands í dagbókinni. Þess á milli mun ég njóta góðra stunda í faðmi fjölskyldu og vina og flakka um Ísland á ævintýrabíl fjölskyldunnar."

MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

Deegan 38 All Terrain

Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson
5 stærðir á lager:
265/70R16 verð 40.800 kr.
265/70R17 verð 37.500 kr.
265/65R18 verð 44.800 kr.
285/70R17 verð 49.900 kr.
265/50R20 verð 39.900 kr.

Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

16. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 20. apríl 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Rakel Árnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

Glæsilegt einbýli með sjávarútsýni

Miklaborg og Jórunn, löggiltur fasteignasali, kynna í einkasölu Faxaskjól 18 í Reykjavík, hús með sjávarútsýni á einum fegursta stað borgarinnar.

Faxaskjól 18 er hannað og teiknað af Guðmundi Þorkelssyni og eitt af fáum einbýlishúsum borgarinnar sem stendur við Skerjafjörð innan marka Reykjavíkur. Húsið er staðsteypt á þremur hæðum. Eignin er alls 285,5 fermetrar: aðalhæð og ris eru 169,9 fermetrar, séríbúð með sérinngangi á jarðhæð er 75,1 fermetri og bílskúrinn er 40,5 fermetrar.

Á aðalhæð er forstofa, tvær samliggjandi stofur með rennihurð á milli og sjávarútsýni. Svefnherbergi, hol með tréstiga á milli hæða og þakglugga sem hleypir góðri birtu í mitt húsið, rúmgott þvottahús með gluggum á tvo vegu, baðherbergi með glugga og góðri snyrtiaðstöðu og eldhús með Alno-innréttingu, góðum borðkrók við glugga og sjávarútsýni. Í risi eru fjögur rúmgóð svefnherbergi og baðherbergi sem verið er að innrétta og geta tæki fylgt með, svo sem baðkar, handlaug og flísar. Úr holi er möguleiki á að opna niður á jarðhæð úr forstofu og til er viðarstigi ef vill.

Á jarðhæð er komið inn í sameiginlega forstofu og er þvottahús á vinstri hönd. Þegar komið er inn í íbúðina er hol sem leiðir í aðrar vistarverur íbúðarinnar; eldhús sem er opið inn í stofu með sjávarútsýni og útgengt er á sérafnotarétt, hjónaherbergi, flísalagt baðherbergi með sturtu, og annað rúmgott svefnherbergi.

Faxaskjól 18 er reisulegt hús og stendur við eina fegurstu götu Reykjavíkur.

Hátt er til lofts og vítt til veggja.

Bílskúr er klæddur Steniplötum, upphitaður með tvo stóra glugga og nýja bílskúrshurð. Til staðar er tengi fyrir heitt og kalt vatn. Kominn er tími á þak bílskúrsins en nýtt þakjárn er til staðar á lóðinni og fylgir með í kaupunum.

Eigninni hefur verið ágætlega viðhaldið. Húsið hefur verið steinað að utan með skeljasandi og skipt um flesta glugga og gler. Þakkantur og lagnir yfirfarið. Rými í húsinu eru einstaklega rúmgóð og með góðri lofthæð. Öll þjónusta, skólar, verslun og menning eru í göngufæri.

Húsið afhendist eigi síðar en 1. september. Opið hús er miðvikudaginn 21. apríl frá klukkan 17 til 18. Tilboð berist í eignina fyrir klukkan 17 föstudaginn 23. apríl.

Nánari upplýsingar veitir Jórunn, löggiltur fasteignasali, í síma 845 8958 og á jorunn@miklaborg.is.

ÁSBYRGI ehf
Sími 568 2444
Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík

Ingileifur Einarsson - Löggiltur fasteignasali.

LÖGBÝLIÐ GEIRLAND VIÐ SUÐURLANDSVEG

Til sölu Geirland við Suðurlandsvegs, sem er um 20 ha eignarland ásamt mjög góðu nýlegu steinsteyptu 255 fm íbúðarhúsi með tveimur samþykktum íbúðum auk 56 fm bílskúrs. Lögbýlisrétti fylgir búseturéttur þannig að alla þjónustu er að fá frá Kópavogsbæ s.s. skólaakstur fyrir börn, snjómokstur og alla aðra samfélagsþjónustu. Stutt í alla þjónustu í Árbæjarhverfi. Frábær staðsetning fyrir t.d. útivistarfólk og hestamenn.

Ásbyrgi ábyrg fasteignasala í 35 ár

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Garðabær
Einbýlis – raðhús og parhús óskast fyrir trausta kaupendur

Naustavör nr. 44-50. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.

- Naustavör 44-50 eru hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar sem eftir eru eru frá 80,6 fm. upp í 135,2 fm. , 2ja til 4ra herbergja. Til afhendingar okt/nóv 2020.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar sjálfar verða afhentar án gólfefna, en flísar verða á gólfum á baði og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum.

Afhendingartími íbúða er á tímabilinu júlí til desember 2021. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

Ingólfsstræti. Parhús með tveimur íbúðum.

- Parhús með tveimur íbúðum í útleigu á 351,0 fermetra afgritri lóð með 8-10 sér bílastæðum á virkilega góðum stað í miðborginni.
- Tvær 2ja herbergja íbúðir eru í húsinu, ein á hvorri hæð, og eru þær báðar í útleigu. Góðir tekjumöguleikar til lengri tíma.
- Parhúsið er í þokkalegu ástandi að innan og utan, en þarfnast einhvers viðhalds og endurbóta.
- Mögulegt væri að leigja út bílastæði á lóðinni til viðbótar, en nýtt rafmagnshlið var sett upp á lóðina fyrir nokkrum vikum síðan og hún því lokuð fyrir óviðkomandi umferð.

Grettisgata – Heil húseign



- Um er að ræða sex 2ja herbergja íbúðir auk geymslna, samtals 245,8 fermetrar.
- Eignin er öll í langtímaútleigu í dag og skráð sem íbúðarhúsnæði en endurnýjun á gistileyfi í flokki II er í venjubundinni endurnýjun og því væri hægt að færa eignina í ferðamannaleigu þegar þar að kemur.
- Um er að ræða virkilega fallega og nýlega uppgerða 6 íbúða húseign, sem var að öllu leyti endurbyggð árið 2010, á virkilega rólegum og góðum stað í hjarta miðborgarinnar. Svalir eru á 4 íbúðum hússins.

Lyngháls 10. Nýlega innréttaðar stúdíóíbúðir.

- 10 nýlega innréttaðar og vandaðar stúdíóíbúðir á 3. hæð í steinsteyptu og álklæddu húsi við Lyngháls 10 í Reykjavík.
- Íbúðirnar voru allar innréttaðar fyrir um 7 árum síðan og þá sett upp eldhús í hverri íbúð og baðherbergi í hverja íbúð.
- Baðherbergi eru öll flísalögð og með flísalögðum sturtum, handklæðaofnum og vegghengdum salernum. Harðparket er á gólfum alrýma og herbergja. Eldvarnarhurðir eru frá öllum íbúðum við gang.

Verð 189,0 millj.

Íbúðirnar eru allar í útleigu í dag. Nánari uppl. á skrifstofu.

Stapasel. Einbýli á útsýnislóð við opið svæði.

- Virkilega fallegt 225,4 fm. einbýlishús á útsýnislóð innst í botngötu við opið svæði í Seljahverfi.
- Sér 2ja herbergja íbúð er á neðsta palli hússins og er bæði innangengt í hana og sérinngangur í hana af lóð frá austri.
- Eignin er afar vel staðsett á 860 fm. lóð við opið óbyggt svæði og frá eigninni nýtur útsýnis til norðurs að Esjunni, Akranesi og yfir borgina.
- Eignin hefur alla tíð fengið mjög gott viðhald og er öll nýlega máluð að utan. Ofnar í húsinu eru allir endurnýjaðir og gler í gluggum hefur alltaf verið endurnýjað eins og þurft hefur.

Verð 114,5 millj.

Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.



- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

Verð 73,9 millj.

Hraunbær 178. 5 herbergja íbúð.



- Mjög fín 5 herbergja 106,2 fm. íbúð að meðt. sér geymslu við Hraunbæ í Reykjavík. Fjögur svefnherbergi. Suðursvalir.
- Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð hið innra, m.a. ný gólfefni og ný eldhúsinnrétting og tæki.
- Hið ytra er húsið í góðu ástandi, þakjárn er nýlegt sem og þakrennur og niðurföll, megnið af gleri í húsinu hefur verið endurnýjað, hús málað að utan o.fl.
- Sameign og stigagangur eru mjög snyrtileg með nýlegum teppum á gólfum og nýlega máluð.

Verð 52,9 millj.

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 4ra herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

TIL SÖLU NÝJAR ÍBÚÐIR

VIÐ BEIMABRYGGJU 42 Í BRYGGJUHVERFI REYKJAVÍKUR

Einstök staðsetning í nánd við sjóinn og Elliðaárvog

Búseti byggir fjögurra hæða lyftuhús í nýju Bryggjuhverfi Reykjavíkur sem verður hluti af metnaðarfullu og glænýju borgarhverfi á einstökum stað. Í húsinu eru alls 26 íbúðir, stúdíó, 2ja, 3ja og 4ra herbergja.

2ja herbergja 44,8 m²



3ja herbergja 72,3 m²

4ra herbergja 95,8 m²



Sala búseturétta hefst þriðjudaginn 20. apríl.
Umsóknarfrestur stendur til mánudagsins 3. maí.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

MARGVÍSLEGIR KOSTIR

- Nálægð við hafið og fjöruna
- Vandaðar innréttingar
- Skammt frá Borgarlínustöð
- Fallegar göngu- og hjólaleiðir
- Fullbúnar íbúðir með gólfefnum

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

50% FJÁRMÖGNUN

Auglýst verð á búseturéttum miðast við staðgreiðslu. Í boði er allt að 50% fjármögnun á búseturéttinum frá Landsbankanum byggt á lánareglum bankans.

S: 556 1000 **BUSETI@BUSETI.IS** **BEIMABRYGGJA.BUSETI.IS**

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Rafn Valdimars lögg. fasteignasali Sími: 695 5520
Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856
Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307
Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178
Elín Alfreðsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 899 3090
Ingi Þór Ingólfsson lögg. fasteignasali Sími: 698 4450
Ómar Hvanndal hdl. og aðst. fasteignas Sími: 832 3200
Barbara R. Bergþórs lögg. fasteignasali Sími: 823 0339
Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300
Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000
Ásgrímur Ásmunds hdl. og lögg. fasteignas Sími: 865 4120
Þröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634
Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958

Þóroddur S. Skaptas lögg. fasteignasali Sími: 868 4508
Jason Kr. Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515
Axel Axelsson lögg. fasteignasali Sími: 778 7272
Óskar H. Bjarnasen lögg. fasteignasali Sími: 691 1931
Kjartan Í. Guðmunds aðst. fasteignasala Sími: 663 4392
Þórhallur Biering lögg. fasteignasali Sími: 896 8232
Friðrik Þ. Stefánsson hdl. og aðst. fasteignas Sími: 616 1313
Friðjón Ö. Magnúss. lögg. fasteignasali Sími: 692 2704
Óskar S. Axelsson aðst. fasteignasala Sími: 691 2312
Anton Karlsson lögg. fasteignasali Sími: 771 8601
Páll Þórólfsson lögg. fasteignasali Sími: 893 9929
Ragnheiður Pétursd. hdl. og löggiltur fasteignasali

Þrastarás 73

221 Hafnarfjörður

Sérlega falleg og rúmgóð 77,7 fm 2ja herbergja útsýnisíbúð í litlu fjölbýli

- Sér inngangur af svalapalli
- Þvottahús innan íbúðar
- Frábær staðsetning í Áslandinu með glæsilegu útsýni!

Nánari upplýsingar veitir:
Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Verð: **44,9 millj.**

Holtasel 36

109 Reykjavík

275 fm fjölskylduhús með aukaíbúð

- Fjögur svefnherbergi eitt þeirra sameinað úr tveimur
- Útgengt á svalir úr hjónaherbergi, sér baðherbergi
- Stofa og eldhús á jarðhæð,
- Bílskúr með hurðaopnara
- Fallegur gróðursæll garður umhverfis húsið
- Frábært útsýni frá stofu

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **107,8 millj.**

Faxaskjóli 18

107 Reykjavík

Glæsilegt einbýli á einum fallegasta stað borgarinnar, með sjávarútsýni 285,5 fm

- Tvær hæðir og jarðhæð með sér íbúð, ásamt bílskúr
- Öll rýmin í húsinu einstaklega rúmgóð og með góðri lofthæð
- Lokaður leikvöllur norðanmegin við húsið í sameign aðliggjandi húsa
- **Tilboð skulu berast fyrir föstudag 23. apríl kl. 17**

Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

Þjóðólfshagi 31

851 Hella

Glæsilegt 146 fm einbýlishús í landi Þjóðólfshaga

- 8.877 fm eignarland og því fylgir Þjóðólfshagi 30 sem er 12.379 fm auk 7 hektara beitarhólfs.
- Má nýta sem beitiland eða jafnvel byggja töluvert stór hús skv. deiliskipulagi.
- Leyfilegt er að vera með lögheimili á þessum lóðum.
- Draumaparadís fyrir hestafólk jafnt sem aðra.

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **74,5 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

569 7000

Með þér alla leið

miklaborg.is

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunni@miklaborg.is

Stekkjarflöt 4
210 Garðabær

Frábærlega skipulagt 151,7 fm einbýli á þessum vinsæla stað

- Mjög bjartar stofur með aukinni lofthæð, 3 svefnherb. og það 4ða innréttað í bílskúr.
- Snyrting, bað, stórt þvottahús
- Bílskúr 31,5 fm.
- Örstutt í skóla og Garðatorg.

Verð: **99 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Grandavegur 40
107 Reykjavík

Falin perla í miðbæ Reykjavíkur

- Sjarmerandi lítið sérbýli – 81,1 fm
- Á efri palli er mjög gott svefnherbergi innaf því er mjög fallegt baðherbergi.
- Á neðri palli er með fallegt rúmgott alrými.
- Húsið allt er einstaklega sjarmerandi og fallegt.
- Kjörið tækifæri til að komast í sérbýli útaf fyrir sig.
- Eignarlóð.

Verð: **59,9 millj.**

Ásgrímur Ásmunds
hdl. og lögg. fasteignas.
Sími: 865 4120
asi@miklaborg.is

Hallgerðargata 9
105 Reykjavík

Glæsileg 100 fm útsýnisíbúð á 3. hæð í Stuðlaborg á Kirkjusandi

- Tvö baðherbergi og fataherbergi
- Íbúðin er með tvennum svölum og sjávarútsýni til vesturs og norðurs
- Vandaðar innréttingar, tæki og gólfefni

Verð: **79,9 millj.**

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Gullteigur 6
105 Reykjavík

Glæsileg 160,8 fm þakíbúð með 48 fm bílskúr sem búið er að breyta í stúdíó-íbúð

- Aukin lofthæð (allt að 4 m)
- Rúmgóðar, bjartar og samliggjandi stofur með útgengi á svalir til suðurs.
- Rúmgóðar sér svalir til suðurs ofan á bílskúr
- Byggt ofan á 1983, miklar endurbætur á húsinu

Verð: **89,9 millj.**

Hverfisgata 93 (219)

Tveggja herbergja 63,4 fm íbúð á annari hæð með svölum

Verð: **51,9 millj.**

- Stæði í bílageymslu
- Eldhús opið inn í stofu, baðherbergi, svefnherbergi og geymsla í kj..
- Til afhendingar við kaupsamning

Nánari upplýsingar:
s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** aðst. fasteignasala
s. 822 2307 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali



Hverfisgata 37

75,7 fm rými/íbúð

- Forstofa, geymsla innan íbúðar, baðherbergi, eldhús, svefnherbergi og stofur.
- Er í dag nýtt sem vinnustofa og er tilvalin fyrir listamann til að nýta glugga með miklu auglýsingagildi.
- Mikil lofthæð. Gengið inn frá Hverfisgötunni.

Verð: **38,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** aðst. fasteignasala
s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Ránargata 9a

4ra herbergja 83 fm íbúð á 2 og 3 hæð

- Frábær staðsetning
- Mikið endurnýjuð eign
- Geymslur fylgja báðum íbúðum
- Þrjú svefnherbergi, gott skipulag
- Afhendist strax

Verð: **49,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

Hverfisgata 92
101 Reykjavík

Glæsilegar nýjar 2ja til 4ra herbergja íbúðir í miðborginni

- **Gólfhiti** í öllum íbúðum
- Mikil sameign og **margar íbúðir sérstæðar** og liggja ekki að öðrum íbúðum
- **Snjallíbúðir**
- **Glæsileg þakíbúð** og aukin lofthæð á efstu hæðum
- Fallegur **inngarður**
- **Vandaðar** innréttingar og tæki

Hafið samband og ráðfærið ykkur **við sölumenn okkar!** | **Söluvefur:** www.vitaborg.is/hverfisgata-92/

Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

FOLD FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur
Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfr. og
í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Hlynur Ragnarsson
löggildingarnemi
hlynur@fold.is / 624-8080

Sævar Bjarnason
iðnrekstrarfræðingur og
löggildingarnemi
saevar@fold.is / 844-1965

Glæsilegt einbýli
Á SJÁVARLÓÐ Á SELTJARNARNESI.

Rúmlega 323 fm glæsilegt einbýlishús á 946 fm sjávarlóð á einstökum stað við Hrólfsskálavör á Seltjarnarnesi. Húsið er mikið endurnýjað. Fallegt viðarparket er á gólfum. Gluggar og svalahurðir eru nýlegar og gólfsíðar þannig að útsýni úr húsinu er óheft. Forstofa, eldhús, baðherbergi og hjónaherbergi er hannað af Rut Kára og öll tæki og innréttingar af vönduðustu gerð. Eldhús er með fallegri kirsuberjainnréttingu, Smeg gaseldavél og tveimur Miele bakarofnum í vinnuhæð. Það væri auðvelt að nýta neðri hæðina sem séríbúð, en húsið nýtist líka vel sem ein heild. **Þetta er einstök eign á íslenskum fasteignamarkaði. Sjón er sögu ríkari.**

Flatahraun 1, 220 Hafnarfj.,
OPIÐ HÚS ÞRI 20/4 KL. 17-18

3ja herb. á 3ju hæð / lyfta og bílageymsla. Góð, rúmlega 80 fm 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð ásamt stæði í bílageymslu. Lyfta. Parket og flísar á gólfum. Tvö svefnherbergi, skápar í báðum. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Baðherbergið með sturtuklefa. Svalir í suð-vestur. Sérinngangur af svalagangi. **Verð 46,8 millj.**

Opið hús ÞRI 20/4 kl. 17-18

Nánari upplýsingar gefur saevar@fold.is / 844-1965.

Sogavegur 101, 108 Rvk.,
2JA HERBERGJA M/SÉRINNGANG.

2ja herbergja íbúð á jarðhæð í 4-býli m/sérinngang. Íbúðin er 57,8 fm og geymslan 2,7 fm, samtals 60,5 fm. Íbúðin er laus við kaupsamning. Hiti og rafmagn sér. Enginn hússjóður. Þessi íbúð á 13,48% eignarhlut í húsinu. Parket, flísar og dúkur á gólfum. Tengi fyrir þvottavél í geymslunni sem er á sömu hæð.
Verð 36,9 millj.
Velkomið að panta tíma fyrir einkaskoðun: gustaf@fold.is / 895-7205.

Sumarhús við Galtalæk,
851 HELLA.

Ca 90 fm fallegt sumarhús á frábærum stað við Galtalæk með útsýni til Heklu. Um 100 fm pallur er í kringum bústaðinn. Eldhús er með nýlegri og fallegri innréttingu. Þrjú svefnherbergi. Stofa með kamínu og útgengt á pallinn sem er með mjög vönduðum heitum potti. Baðherbergi er snyrtilegt og rúmgott. Gróðurhús á lóð.

Verð 24,9 millj.

Sætún - eignarland.
KJALARNES/REYKJAVÍK.

Höfum til sölu samtals rúmlega 6 hektara land á frábærum stað á Kjalarnesi í Reykjavík. Um er að ræða 3 lönd sem geta selst saman eða sitt í hvoru lagi. Á tveimur þeirra eru fasteignir og byggingarréttur og eru miklir framtíðarmöguleikar. Nánari upplýsingar hjá fasteignasölum Foldar.

Eignarhlutarnir 3 eru á verðinu 35, 65 og 99 milljónir.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

Erum við að leita **að þér?**

Eignamiðlun kynnir

Grandatröð 1

Glæsilegt iðnaðarhúsnæði skammt frá höfninni í Hafnarfirði

Afhendist fullbúið að utan með frágenginni lóð og rúmlega fokhelt. Hægt er að semja um frekari frágang að innan. Útveggir og gólfplata er steinsteypt, veggir einangraðir að utan með 100 mm steinull og húsið klætt með hágæða álklæðningu.

Þak er stálvirki með timbursperrum klætt tvöföldum þakpappa, einangrað með 200 mm þakull. Burðarvirki milligólfa er stálgrind með timburgrind. Innkeyrsludyr inn í vinnslurými eignarinnar eru 380 cm á hæð samkvæmt teikningu. 34 bílastæði fylgja heildarhúsinu. Virkilega vandað og vel staðsett iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði sem býður upp á mikla möguleika.

Hægt er skipta upp neðri hæð eftir þörfum og efri hæð má nýta sem skrifstofur.
Rýminu er hægt að skipta í fjögur rými:

A	387 m²
B	384,7 m²
C	384,7 m²
D	387 m²

Allar nánari upplýsingar veitir
Ólafur H. Guðgeirsson í síma 663-2508 eða olafur@eignamidlun.is og
Guðlaugur Ingi Guðlaugsson í síma 864-5464 eða gudlaugur@eignamidlun.is

EIGNAMIÐLUN
Grensásvegur 11 | Sími 588 90 90 | eignamidlun.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nýr Mitsubishi Outlander Hybrid Instyle Leður og rúskin á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Litir : Svartur og Hvítur. Langt undir listaverði á 5.280.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

H bókhald
Alhliða bókhalds- og launavinnsla
Traust og áreiðanleg þjónusta
Sími 8629339 - hbokhald@hbokhald.is
Þinghólsbraut 71, 200 Kópavogur

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pífnófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna- o.m.fl.
https://runarmurari.is

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði
Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Óska eftir eldri mönnum í húsaviðgerðir og almenna vinnu. Helst með reynslu og réttindi. Íslenskumælandi. Uppl. í síma 616 1569.

Óska eftir manneskju sem er með réttindi að sjá um reiðskóla og tamningu. Uppl. í síma 616 1569.

Erum við að leita **að þér?**



Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
Okkar vinsælustu pottar til á lager!

NORMX
Íslensk framleiðsla í 38 ár!

NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Allt að 2.500 tonna framleiðsla af laxi og laxaseiðum á ári í eldisstöð Laxa Eignarhaldsfélags ehf. við Laxabraut, Þorlákshöfn

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Laxa Eignarhaldsfélags er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

GRINDAVÍKURBÆR

Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis

Í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123 frá 2010 samþykkti sveitarstjórn Grindavíkurbæjar, þann 30. mars. 2021, umsókn Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2, sem liggur innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur. Framkvæmdaleyfið var gefið út þann 16. apríl 2021 í samræmi við ákvæði skipulagslaga og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772 frá 2012. Álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, skv. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 frá 2000, liggur fyrir í áliti Skipulagsstofnunar frá 22. apríl 2020.

Áður útgefið framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdarinnar hefur verið afturkallað af sveitarstjórn Grindavíkurbæjar.

Framkvæmdaleyfið og tengd gögn má nálgast á heimasíðu Grindavíkurbæjar undir vefslóðinni www.grindavik.is eða hjá skipulagsfulltrúa á netfangið atligeir@grindavik.is eða í síma 4201100.

F.h. Grindavíkurbæjar,
Atli Geir Júlíusson skipulagsfulltrúi.

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla.
Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.

Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:
25” 225/45R17 - 79.000 kr.
18” 225/70R18 - 179.000 kr.
33” 285/60/R20 - 199.000 kr.
35” 315/75R17 - 290.000 kr.

Dekkjagangar:
27” 225/60R17 - 49.000 kr.
28” 235/55R18 - 59.900 kr.
30” 265/60R18 - 69.960 kr.
33” 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði.
Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323



FIAT HÚSBÍLAEIGENDUR

ER HÚSBÍLLINN ÞINN KLÁR FYRIR SUMARIÐ?

BJÓÐUM UPP Á SMURÞJÓNUSTU OG LÉTTA ÁSTANDSSKOÐUN FYRIR SUMARIÐ:

- SJÓNSKOÐUN Á BREMSUKERFI OG UNDIRVAGNI
- LJÓS YFIRFARIN
- ÁSTAND HJÓLBARÐA METIÐ OG LOFTÞRÝSTINGUR MÆLDUR
- ÞURRKUR OG RÚÐUSPRAUTUR YFIRFARNAR
- ÁSTAND KÆLIKERFIS METIÐ
- HLEÐSLA RAFKERFIS MÆLD.

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR - TÍMAPANTANIR Í SÍMA 590 2323

ALLIR VINNA – ENDURGREIÐSLA Á VSK Á VINNULIÐ AÐ LÁGMARKSUPPHÆÐ 25.000 KR. ÁN VSK.

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • **OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00**

Öruggar jeppaferðir í sumar

Þegar ekið er um hálendið á sumrin þarf að fara að öllu með gát. Slysavarnafélagið Landsbjörg heldur úti síðunni safetravel.is þar sem er að finna upplýsingar um það sem ber að hafa í huga í ökuferðum um hálendið.

Á vefsíðunni safetravel.is segir eftirfarandi um akstur á hálendinu:

- Byrjaðu á því að kynna þér hvort búið sé að opna það svæði sem þú ætlar að ferðast um.
- Kynntu þér vel svæðið sem ferðast á um, til dæmis hjá Safetravel, upplýsingamiðstöðvum á svæðinu, landvörðum og skálavörðum.
- Vertu viss um að þú hafir þá þekkingu og reynslu sem þarf til aksturs á hálendinu.
- Fólksbílar eiga ekkert erindi á hálendið, undantekningarlaust þarf fjórhjóladrifna bíla og sumar leiðir eru einungis fyrir stærri og breytta bíla.
- Bílar eru alltaf ótryggðir þegar ekið er yfir ár.*

Á safetravel.is er að finna nánari upplýsingar um það sem þarf að hafa í huga þegar ekið er yfir ár. Þar er einnig að finna ýmsa lista yfir búnað sem mikilvægt er að hafa meðferðis í hvers konar ferðir, til dæmis jeppaferðir á sumrin. Auk fatnaðar, nestis, landakorts, síma og fleiri gagnlegra tækja er á listanum ýmislegt sem þarf að hafa með í för til að gera akstur á hálendinu öruggari. Þar má nefna:

Í fjallaferðum er alveg bráðnauðsynlegt að vera vel undirbúinn og á góðum dekkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

- Dekkjaviðgerðasett
- Startkapla
- Skóflu
- Teygjuspotta
- Tjakk
- Varadekk
- Sjúkrabúnað
- Verkfærasett
- Viftureim
- Vöðlur
- Kastlínu
- Járnkarl

Fyrir lengri ferðir er einnig ráðlagt að hafa með í för:

- Eldsneytis- og olíusíur
- Hosuklemmur
- Mótorolíu
- Strigateip
- Auka eldsneyti

> Þegar farið er að öllu með gát er gaman að njóta fegurðar landsins á vel útbúnum jeppa á góðum dekkjum.

Áður en lagt er af stað er mikilvægt að yfirfara bílinn. Það er gott að athuga eftirfarandi:

- Olíuna á vélinni
- Loftþrýsting í dekkjum
- GPS-tæki og kunnáttu á það
- Fjarskiptatæki
- Loftdælu og slöngu
- Hvort nægjanlegt eldsneyti sé á bílnum
- Smurbókina
- Sjúkrabúnað og slökkvitæki

Þegar farið er að öllu með gát er gaman að njóta fegurðar landsins á hálendinu á vel útbúnum jeppa á góðum dekkjum. Fyrir lengri ferðir er mikilvægt að skilja eftir ferðaáætlun hjá einhverjum sem getur brugðist við ef þess þarf. Á slóðinni safetravel.is/ferdaaaetlun er hægt að skilja eftir upplýsingar sem nýtast Slysavarnafélaginu ef hefja þarf leit ef eitthvað kemur upp á.
**Birt með leyfi Slysavarnafélagsins Landsbjargar*

Nánari upplýsingar á safetravel.is

Arctic Trucks Ísland ehf | Kletthálsi 3 110 Reykjavík | Sími: 540 4900 | Netfang: info@arctictrucks.is | www.arctictrucks.is

DEKKJASALAN

Dekk og flottar felgur

Dekkjasalan, Dalshrauni 16, Hafnarfirði - **587 3757** - dekkjasalan.is

Dekkin á stærstu risatrukkunum eru ekkert grín og hér má sjá um 2,3-3 metra hátt dekk. Þau stærstu eru um 4 metrar á hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Að finna upp risahjólið

Stærstu bíldekkin í dag prýða Ultra Class flutningatrukka sem helst má sjá í námugreftri eða annarri utanvegarstarfsemi sem krefst risastórra bifreiða með mikla flutningsgetu.

Dæmigerð stærð á dekki á slíkum risatrukki er 56/80R63 eða 59/80R63, en slík dekk eru allt að 1,5 metrar á þykkt, fjögurra metra há og vega fimm tonn. Dekkin eru úr hátækni-gúmmíblöndu og hönnuð til þess að þola um 100 tonna þrýsting á hvert dekk. Að pumpa lofti í svona dekk er tölu-vert frábrugðið því að pumpa lofti í fimm sæta Subaruinn. Risadekk eru útbúin ventilsamsetningum í yfirstærð sem gera hinu gífurlega magni af lofti, sem í dekkjunum er, kleift að halda þrýstingi á dekkjunum. Bridgestone, Goodyear og Michelin framleiða risastór dekk, en stærstu dekk heims eru nú framleidd af fyrirtækinu Titan Tire í Bandaríkjunum.

Það er fátt jafnhvimleitt og sprungið dekk, jafnvel í draumheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Draumur um dekk

Draumar geta verið býsna sérkennilegir enda er undirmeðvitundin dularfullt og einstaklingsbundið fyrirbæri. Margir hafa því gaman af því að fletta upp í draumráðningabókum til að athuga hvort og þá hvað hafi verið skrifað um eitthvað sem kemur fram í draumum eða jafnvel martröðum. Hvað dekk snertir þá eru ýmsar vangaveltur um það hvað dekk tákni í draumheimum.

Líkt og dekkin sem flytja okkur til og frá og á milli staða í raunheimum þá eru dekk í draumheimum sögð hvetja okkur til að halda áfram með lífið og hætta að dvelja í fortíðinni. Þau eru líka sögð gefa til kynna breytingar eða framfarir í lífi dreymandans. Þá eru eiginleikar gúmmísins sagðir standa fyrir mikilvægi þess að velta fyrir sér hversu fljót við erum að jafna okkur, eða „bounce back“, á aðstæðum. Sprungið dekk er táknrænt fyrir tilfinningar dreymandans sem upplifir kannski ráðaleysi, viðkomandi sé misskilinn, glími við óöryggi eða þjáist af einbeitingarskorti. Þá er talið jákvætt að dreyma að skipta um dekk en það geti táknað nýjan farveg í lífinu.

Heilsárs- eða sumardekk

Heilsársdekk virka vel í hlýju veðri og því vel hægt að nota þau í stað þess að skipta um dekk milli árstíða. Heilsársdekk geta þó haft minna grip en sumardekk og það getur haft áhrif á stýrisgetu, hemlun og viðnám í beygjum. Þar sem heilsársdekk hafa eiginleika bæði sumar- og vetrardekkja, eru nokkurs konar málamiðlun milli sumar- og vetrardekkja, fórna þau í leiðinni öðrum eiginleikum eins og að ráða við akstur í miklum snjóþyngslum. Þar sem snjóþyngsli eru mikil á veturna er því betra að nota sérstök vetrardekk og skipta yfir í sumardekk á sumrin. Á Íslandi þarf mynsturdýpt hjólbarða á veturna að vera 3 millimetrar hið minnsta. Það er á tímabilinu 1. nóvember til 14. apríl. En frá 15. apríl til 31. október þarf dýptin að vera að lágmarki 1,6 millimetrar.

Sumardekk hafa ýmsa kosti umfram heilsársdekk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Michelin e-Primacy
• Öryggi og ending
• Frábært grip og góð vatnslosun
• Einstakir aksturseiginleikar
• Ferð lengra á hleðslunni / tanknum
• Kolefnisjafnað að sölustað

Michelin Pilot Sport 4
• Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
• Gefa óviðjafnanlega aksturseiginleika
• Frábært grip og góð vatnslosun
• Endingarbestu dekkin í sínum flokki

Notaðu N1 kortið

Hjólbarðaþjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Opið mánudaga til föstudaga kl. 8-18
Laugardaga kl. 9-13

N1 ALLA LEIÐ

Opnunartími á sumardaginn fyrsta

Smáratorgi 10-18
Glerártorgi 13-17

FLAMINGO
SCOOTER
VERÐ: 7.999,-

OUTSIDERS
LUCIO M/LED
VERÐ: 9.999,-

NEBULUS
BLACK/PINK
VERÐ: 7.999,-

NEBULUS
BLACK/BLUE
VERÐ: 7.999,-

NEBULUS
BLACK/GREEN
VERÐ: 7.999,-

NEBULUS
BLACK/YELLOW
VERÐ: 7.999,-

LIGHTNING
SCOOTER BLUE
VERÐ: 9.999,-

LIGHTNING
SCOOTER PINK
VERÐ: 9.999,-

BIG WHEEL
SCOOTER
VERÐ: 12.999,-

JUNIOR
TWIST BLACK
VERÐ: 7.999,-

JUNIOR
TWIST WHITE
VERÐ: 7.999,-

LION
SCOOTER
VERÐ: 7.999,-

GORILLA
SCOOTER
VERÐ: 7.999,-

OUTSIDERS
STUNT SCOOTER
VERÐ: 13.999,-

OUTSIDERS
PREMIUM SILVER
VERÐ: 8.999,-

OUTSIDERS
AERO M/LED
VERÐ: 9.999,-

KiDS COOLSHOP

Smáratorg
Smáratorgi 3
201 Kópavogi
550-0800
Mán - Fös 10-19
Lau 10-18
Sun 12-18

Glerártorg
Akureyri
Gleráreyrum 1
600 Akureyri
461-4500
Mán - Fös 10-18
Lau 10-17
Sun 13-17

OKKAR ALLRA BEZTU ERU KOMNAR

-100 HRAÐAR
-KRAFTMIKLAR
-HLJÓÐLÁTAR

VORNADO®

ÍSHÚSIÐ EHF - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

ÍSHÚSIÐ viftur.is

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Andaðu léttar...

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR

BJÓÐUM VALIN STILLANLEG HEILSURÚM
NÚ MEÐ 25-35% AFSLÆTTI

LAYLA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR
VERÐ 179.880 KR
VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR
VERÐ 217.920 KR
VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

COMO STILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL

20% AFSLÁTTUR

VERÐ 39.920 KR
VERÐ ÁÐUR 49.900 KR
3 LITIR

KOMDU NÚNA, SKOÐAÐU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.REKKJAN.IS

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

	Hitastig	Vindur
Reykjavík	4 °C	3
Ísafjörður	3 °C	10
Akureyri	4 °C	10
Egilsstaðir	4 °C	5
Kirkjubæjarkl	3 °C	9
Hveravellir	-5 °C	3

Suðvestan 5-10 og él í dag, en víða þurrt og bjart á NA- og A-landi. Vestlæg átt yfirleitt 5-10 á morgun. Bjartviðri SA-til, annars skýjað með köflum og dálítil él NA-lands, einkum fyrripart dags.Hiti 0 til 7 stig yfir daginn, en víða nætur-frost.

Miðvikudagur

	Hitastig	Vindur
Reykjavík	7 °C	5
Ísafjörður	6 °C	12
Akureyri	6 °C	8
Egilsstaðir	7 °C	3
Kirkjubæjarkl	6 °C	3
Hveravellir	-1 °C	9

Fimmtudagur

	Hitastig	Vindur
Reykjavík	7 °C	7
Ísafjörður	6 °C	5
Akureyri	9 °C	1
Egilsstaðir	8 °C	1
Kirkjubæjarkl	7 °C	2
Hveravellir	1 °C	7

LÉTT

7		3		2		9	6	5
	1						2	
	5	6			3		8	
4			9	5	1			
					7	1	4	2
3							7	
			8			2		
5	7		3	4		6		8
	4		2			3		

MIÐLUNGS

			2			3	1	7
					4	2		
1							4	
5					9			1
	6				8		7	
		9	6	2			8	4
6		5	7	3				
	3		8					5
		8	9	5	6			

ÞUNG

	2				5			4
4			8			7		
		8			6	5		
		9		1		8		5
	4	7			8			6
2								
			2			3		
1			6		7			
	3			8		9		

Krossgáta

LÁRÉTT
1 lögsókn
5 dýrahljóð
6 tveir eins
8 sléna
10 drap
11 blankur
12 klöpp
13 þus
15 ófrostharður
17 safn

LÓÐRÉTT
1 mannár
2 slagbolti
3 tæra
4 mælieining
7 braskari
9 farg
12 vitleysa
14 viðbót
16 möndull



LÁRÉTT: 1 akkera, 5 fýt, 6 mm, 8 slappa, 10 vó, 11 ren, 12 berg, 13 raus, 15 kulsár, 17 klasi.
LÓÐRÉTT: 1 ársverk, 2 kýlo, 3 æta, 4 amper, 7 mangari, 9 pressa, 12 bull, 14 auk, 16 ás.

Skák

Gunnar Björnsson

Fabiano Caruana (2.820) átti leik gegn Maxime Vachier-Lagrave (2.758) á áskorendamótinu í skák í gær.

18. Bc4!! Ótrúlegur leikur. **18... Dxc4 19. Bd6 Rf6 20. Rxc5 Rd5 21. De5! Dxc3+ 22. Kf2.** Úr varð hreint ótrúlega spennandi skák. Hægt er að nálgast hana skýrða í gegnum skak.is. Svo fór að Caruana vann sigur. Nepomniactchi er einn efstur, hálfum vinningi á undan Lagrave og Caruana. Níunda umferð fer fram í dag. **www.skak.is: Áskorendamótið.**

Hvítur á leik

7	9	2	8	6	5	4	1	3
4	3	6	1	7	9	2	5	8
1	5	8	4	2	3	6	7	9
8	2	9	5	1	4	7	3	6
3	1	4	7	8	6	5	9	2
5	6	7	9	3	2	1	8	4
9	4	1	6	5	8	3	2	7
2	8	5	3	4	7	9	6	1
6	7	3	2	9	1	8	4	5

7	8	3	6	9	4	2	1	5
2	5	1	3	7	8	4	9	6
9	4	6	1	2	5	7	3	8
3	9	4	2	1	6	8	5	7
5	6	2	7	8	9	3	4	1
1	7	8	5	4	3	6	2	9
4	1	7	8	5	2	9	6	3
8	3	9	4	6	1	5	7	2
6	2	5	9	3	7	1	8	4

8	9	1	2	4	3	7	5	6
2	4	7	8	5	6	9	1	3
3	5	6	7	1	9	2	8	4
7	1	2	6	8	4	3	9	5
9	6	4	3	7	5	8	2	1
5	3	8	9	2	1	4	6	7
1	2	3	4	6	8	5	7	9
4	8	5	1	9	7	6	3	2
6	7	9	5	3	2	1	4	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

GRUNNFRÆÐSLA FYRIR KONUR

Nýtt námskeið hefst 26. apríl

Taktu mynd með snjallsíma

FYRIR KONUR 46 ÁRA OG ELDRI SEM HAFA GREINST MEÐ KRABBAMEIN

Grunnfræðsla fyrir konur 46 ára og eldri er fræðslunámskeið fyrir konur sem hafa nýverið greinst með krabbamein. Námskeiðið fer fram í gegnum Zoom og hvetjum við konur sem búsettar eru á landsbyggðinni eindregið til að skrá sig.

Meginmarkmið námskeiðsins er að konur í svipuðum sporum fái fræðslu og umræður, og þannig stuðning til að takast á við breytt lífsskilyrði í kjölfar veikinda.

Athugið að nauðsynlegt er að vera skráð í þjónustu í Ljósið til að sitja námskeiðið en hægt er að skrá sig í þjónustu á heimasíðu Ljóssins: https://ljosid.is/skraning-i-thjonustu/

UM NÁMSKEIÐIÐ

- **Hefst 26. apríl**
- **6 skipti**
- **Mánudagar kl:13:00-15:00**
- **Að kostnaðarlausu**

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast í síma 561-3770 eða með því að senda tölvupóst á netfangið unnurmaria@ljosid.is

Skráning fer fram í móttöku Ljóssins í síma 561-3770

Þessi birting er styrkt af velunnara Ljóssins

Ljósið

Jazzhátíð Garðabæjar á netinu

Jazzhátíð Garðabæjar verður haldin í fimmtánda sinn dagana 22.-25. apríl. Hátíðin er haldin á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar en listrænn stjórnandi hefur frá upphafi verið Sigurður Flosason. Eins og áður skartar hátíðin fjölbreyttu úrvali íslenskra djasstónlistarmanna af ýmsum kynslóðum og boðið verður upp á ólík stílbrigði djasstónlistar. Fernir streymistónleikar verða haldnir í sal Tónlistarskólans í Garðabæ án áheyrenda á staðnum.

Streymistónleikar verða sumardaginn fyrsta, 22. apríl, kl. 20.00, undir heitinu Sálgæslan og gestir. Þar mætast blús, djass og soul í lögum og textum Sigurðar Flosasonar sem komu út á plötunni Blásýru fyrir síðustu jól. Einvalalið söngvara og hljóðfæraleikara flytur.

Föstudaginn 23. apríl kl. 20.00 kemur kvintett Jóels Pálssonar fram og fagnar afmæli plötunnar Horn en hún kom út fyrir tíu árum, fékk einróma lof gagnrýnenda og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem plata ársins í djassflokki. Tónlistin sem flutt er af einvalaliði tónlistarmanna er eftir Jóel sem var tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs fyrir verkið.

Laugardaginn 24. apríl kl. 20.00 kemur ADHD flokkurinn fram en hann hefur átt frábæru gengi að fagna undanfarin ár og er að gefa út sína áttundu plötu; ADHD 8.

Sunnudaginn 25. apríl kl. 20.00 kemur Sigmar Matthíasson fram með félögum. Í þessum mánuði kemur út ný hljómplata Sigmars sem er undir miklum áhrifum frá austrænni heimstónlist sem blandast við nútímalegan djass.

Sigurður Flosason er listrænn stjórnandi hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Salonsýning með sprengikrafti

Sumarsýning Grósku verður opnuð í Gróskusalnum við Garðatorg 1 á sumardaginn fyrsta. Þetta er salonsýning með 37 sýnendum og um 130 listaverkum: málverkum, vatnslitamyndum, glerlist, skúlptúrum úr ýmsum efnum og fleiru. Eins og tíðkast á slíkum sýningum eru myndir hengdar upp þétt saman frá gólfi og upp undir loft. Sýningarstjórn er í höndum Birgis Rafns Friðrikssonar myndlistarmanns.

Auk salonsýningarinnar verður við þetta tilefni opinberað stórt sameiginlegt veisluverk allra sýnenda þar sem hver hefur lagt til eina litla mynd. Þemað er „veisla“ og verkið felur í sér gjörning þar sem Gróska býður öllum til veislu. Sköpun verksins hófst upp úr 10 ára afmæli Grósku 1. mars 2020 og átti upphaflega að sýna það í fyrra. Höfundur að uppsetningu veisluverksins er Laufey Jensdóttir myndlistarmaður sem einnig er hugmyndasmiðurinn að Grósku.

Veislugestum verður hleypt inn í litlum hópum meðan sýning stendur yfir dagana 22.-25. apríl og helgina 1.-2. maí kl. 14-18. Í tengslum við sýninguna er einnig í vinnslu myndband með spjalli við listamennina og verður það birt á netinu síðar. Rebekka Jenný Reynisdóttir, myndlistarmaður og skáld, stjórnar þessum hluta verkefnisins.

Verk eftir Guðrúnu Hreinsdóttur.

Jóel á tónleikum

Á tónleikum vordagskrár Jazzklúbbsins Múlans, miðvikudaginn 21. apríl í Flóa í Hörpu, fagna saxófónleikarinn Jóel Pálsson og hljómsveit tíu ára útgáfuafmæli plötunnar Horn. Ásamt Jóel koma fram trompetleikarinn Ari Bragi Kárason, hljómborðsleikararnir Eyþór Gunnarsson og Tómas Jónsson og trommuleikarinn Einar Scheving.

Tónleikar Múlans hefjast klukkan 20.00 en tónleikarnir fara fram í Flóa, á fyrstu hæð Hörpu og er miðaverð kr. 3.500 en 2.000 kr. fyrir nemendur og eldri borgara, miðar fást í miðasölu Hörpu, harpa.is og tix.is.

Múlinn er að hefja sitt 24. starfsár en hann er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á Jóni Múla Árnasyni sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans.

Jóel Pálsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta framtak Birgis Snæbjörns í Hafnarhúsinu er bæði tímabært og virðingarvert.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vettvangur mótsagnanna

Aðalsteinn Ingólfsson skrifar um Dýrslegan kraft, samsýningu Errós og fimmtán annarra listamanna, í Hafnarhúsinu.

„Dýrslegur kraftur“ eða „Raw Power“? Hvorugt heitið nær fyllilega utan um sýninguna sem nú stendur yfir á annarri hæð Listasafns Reykjavíkur; strangt til tekið hafa þau heldur ekki sömu merkingu. Í verki eftir Jóhann L. Torfason á sýningunni kemur hins vegar fyrir frasi sem er að vísu ekki eins grípandi en lýsir öllu betur því sem fjallað er um, nefnilega „mótsagnakenndar aðstæður samtímans“. Og hver er ókrýndur meistari mótsagnanna í myndlistinni, og ekki einasta á Íslandi, annar en Guðmundur Guðmundsson, Erró? Enda eru verk Errós notuð hér sem eins konar útgangspunktur og mælistika á þær hugmyndir sem valinn hópur yngri myndlistarmanna íslenskra veltir upp, fremur en sem hefðbundnir „áhrifavaldar“. Við það gengur Erró í endurnýjun lífdaganna sem myndlistarmaður, gerist aftur samtímamaður okkar. Eins og allir marktækir listamenn eru, ef grannt er skoðað.

Þessi sýning markar nokkur þáttaskil í umgengni okkar við verk Errós. Til þessa hafa Errósýningar Listasafns Reykjavíkur nánast eingöngu snúist um tímabil eða áherslur í verkum listamannsins sjálfs; önnur viðhorf til þessara verka hafa ekki átt upp á pallborðið hjá þeim sem stýrt hafa sýningum þar á bæ. Hér gengur sýningarstjórinn, Birgir Snæbjörn Birgisson, út frá dystópískri veraldarsýn Errós í vali sínu á verkum yngri listamanna: ringulreiðinni, rótleysinu, neysluæðinu, viðvarandi mannfyrirlitningunni og ofstækinu í nútímanum, sem steypt er saman í allsherjar usla í myndlist hans. Og gleymir að sjálfsögðu ekki frásagnargleði listamannsins, kaldhæðni, uppáfinningasemi og gráglettni.

Fáránleiki hvunndagsins

Nú er Erró að sjálfsögðu markaður af öðrum samtíma en þeim sem við stöndum frammi fyrir, sjötta áratugnum þegar heimsstyrjöld var ekki fyrr lokið er aðrar styrjaldir blossuðu upp um heim allan; í Kóreu, Indókína, Alsír og loks Víetnam. Manneskjan virtist ekkert hafa vitkast, vetnissprengjan var sínálæg, velmegun og ójöfnuður meiri en nokkru sinni á öldinni, kynþáttahatur landlægt í mörgum löndum og upplýsinga- og miðlun mynda og hugmynda við upphaf gagngerra breytinga á skynjuninni og tilverunni. Því er engin furða þótt viðbrögð íslensks heimsmanns úti í París við því sem hann sér og nemur séu yfirgripsmeiri og hatrammari en þau sem blasa við í verkum ungra listamanna hér uppi á Íslandi á því herrans ári 2021.

Blonde in Pink Fuzzy Sweater eftir Baldur Helgason, 2020. MYND/AÐSEND

Vissulega er enginn skortur á frásagnargleði í verkum hinna yngri, gálgahúmorinn er sömuleiðis til staðar, einnig ómæld kaldhæðni og meðvitund um fáránleikann í daglegu lífi. Mér verður t.d. litið til verka Jóhanns L. Torfasonar, Baldurs Helgasonar, Gabríelu Friðriksdóttur og Þórdísar Aðalsteinsdóttur. En sjónarhorn flestra þeirra er óneitanlega þrengra og afmarkaðra en það sem við sjáum í verkum Errós, snertir skaðvænleg áhrif samtímans á vitund einstaklingsins fremur en andrúmsloftið í samfélaginu eða heiminum. Helst er það að áhorfandinn skynji í þessum verkum nokkurn ugg yfir „tæringu“ hins mennska og einkalega, óttann

> **ÞESSI SÝNING MARKAR NOKKUR ÞÁTTASKIL Í UMGENGNI OKKAR VIÐ VERK ERRÓS.**

við að við séum bráðum ófær um að upplifa þetta tvennt og skilgreina fyrir klisjum, bábiljum, ranghugmyndum og alls konar áreiti í þjóðfélagi samfélagsmiðla og stórkapítalista.

Sjónarhóll hins sítengda

Í þessari meintu aðför að einstaklingsvitundinni glatast ýmislegt eða brenglast, veruleiki og hugarburður renna saman í einn graut, nútíð og fortíð tapa merkingu sinni og allt sem heitir gildismat fer úr skorðum. Frá sjónarhóli hins sítengda og aðþrengda einstaklings lítur tilveran vísast út eins og málverk eftir Kristin Má Pálmason, uppfull með samhengislaust samsafn alls þess sem hann getur hugsað sér en fær með engu móti skilið.

Þetta framtak Birgis Snæbjörns í Hafnarhúsinu er bæði tímabært og virðingarvert. Og hefði verðskuldað viðlíka stuðning Listasafns Reykjavíkur og margar stórsýningar safnsins að Kjarvalsstöðum, t.d. skrá með greinagóðri hugleiðingu um efni sem brýnt er að fjalla um.

Ég segi ekki að val á sýndum verkum, Errós og annarra, sé fullkomið. Ugglaust hefði verið hægt að stilla þau betur saman. Ekki hafa allir sýnendur heldur til að bera þann „dýrslega kraft“ sem sýningarstjórinn kallar eftir í meðfylgjandi tvíblöðungi. Til að mynda eru verk Söru Riel tæpast nógu veigamikil fyrir þennan félagsskap, og prjónaverk Ýrar Jóhannsdóttur er dáldið einmana innan um öll olíumálverkin Óverðskuldað er Úlfur Karlsson, einn af kröftugustu túlkendum uslans í samtímanum (og mikill aðdáandi Errós), síðan fjarri góðu gamni.

Aðalsteinn Ingólfsson

Topstar

30% afsláttur

af öllum
TOPSTAR
stólum

MADE IN GERMANY

Headpoint

Vinsælasti stóllinn frá upphafi

Headpoint er góður skrifborðsstóll með mjúkri og þykkri setu, stillanlegum örmum og samhæfðri stilling setu og baks

LISTAVERÐ: **93.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
64.900 kr.

P90

Vinsælasti stóllinn árið 2020

P90 er góður skrifborðsstóll em er með dýptarstillanlegri setu, stillanlegum örmum og samhæfðri stilling setu og baks

LISTAVERÐ: **106.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
72.900 kr.

Hirzlan

Frí snertilaus heimsending á öllu höfuðborgarsvæðinu

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

vodafone
VELDU
Þú tekur að öllum líkindum fleiri en 35.000 mismikilvægar ákvarðanir í dag.

veldununa.is
unicef
fyrir öll börn
NÚNA
Vertu viss um að ein þeirra hafi raunverulega góð áhrif.

DANSKIR DAGAR

20%

www.husgagnahollin.is VEFVERSLUN

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM*

ANDRUP

Virkilega vandaður hægindastóll. Sæti og bak úr svörtu leðri. Fáanlegur með grind og fætur úr svartri eða olíuborinni eik.

151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

LOKE

Virkilega vandaður hægindastóll. Fætur og grind úr svartri eik. Sæti og bak úr svörtu hnakkaleðri.

119.992 kr. ~~149.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Farið er yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
19.30 Karlmennskan Femínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
20.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Fréttavaktin Farið er yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Lífið er lag Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.30 433.is Frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

RÚV SJÓNVARP

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
11.50 Andri á flandri í túristalandi
12.20 Hraðfréttir
12.30 Úti að aka - á reykspúandi Kadilakk yfir Ameríku
13.30 Herra Bean
13.55 Meistarinn
14.20 Menning í mótun
15.15 Fullkomin pláneta
16.15 Agatha rannsakar málið – Álfarnir í Fryfam
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Rosalegar risaeðlur
18.29 Hönnunarstirnin
18.46 Bílskúrsbras
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Óperuminning Íslenska Óperan er 40 ára í ár. Að því tilefni er litið til baka og góðra stunda minnst.
20.05 Hungur Sænsk heimildarmynd um veitingastaðinn Frantzén / Lindeberg í Stokkhólmi. Staðurinn hefur verið sæmdur tveimur Michelin-stjörnum og náði 20. sæti á lista yfir bestu veitingastaði heims.
21.05 Grænmeti í sviðsljósinu
21.25 Gösta
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Þrjár stúlkur
23.10 Myrkrahöfðinginn Kvikmynd frá árinu 1999 í leikstjórn Hrafns Gunnlaugssonar og Benedikts Árnasonar sem byggir á atburðum úr píslarsögu Jóns Magnússonar. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
01.00 Dagskrárlok

STÖÐ 2 GOLF

10.00 European Tour 2021
15.00 European Tour 2021
19.30 European Tour 2021 - Highlights
19.50 European Tour 2021

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.08 The Late Late Show
13.48 The Block
14.49 George Clarke's National Trust Unlocked
15.35 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Zoey's Extraordinary Playlist Skemmtileg þáttaröð þar sem tónlist spilar stórt hlutverk. Zoey er tölvunarfræðingur sem á erfitt með að mynda tengsl við annað fólk. Einn daginn gerist eitthvað undarlegt og hún fer að heyra fólk syngja hugsanir sínar. Hún efast um geðheilsu sína en kemst síðan að því að þessi hæfileiki gæti nýst henni vel.
21.00 FBI
21.50 We Hunt Together
22.35 Fosse/Verdon
23.25 The Late Late Show
00.10 Love Island
01.05 Ray Donovan
01.55 The Imitation Game
03.45 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan: Eyrbyggja saga
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.20 Red Dog: True Blue
12.50 Sweet Home Carolina
14.10 Yesterday
16.10 Red Dog: True Blue
17.35 Sweet Home Carolina
19.00 Yesterday
21.00 The Hangover
22.35 What Lies Beneath
00.45 Sometimes the Good Kill
02.10 The Hangover

STÖÐ 2

07.55 Heimsókn
08.20 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Logi í beinni
10.45 Your Home Made Perfect
11.45 Modern Family
12.05 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Ísskápastríð
13.30 Sendiráð Íslands
13.55 Falleg íslensk heimili
14.30 BBQ kóngurinn
14.55 NCIS
15.35 First Dates
16.25 Grey's Anatomy
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 MasterChef Junior
19.50 Mom
20.15 Manifest 3
21.05 S.W.A.T.
21.50 Magnum P.I.
22.35 Last Week Tonight with John Oliver
23.05 The Wire
00.05 A Teacher
00.30 LA's Finest
01.20 Veronica Mars
02.00 The O.C.
02.45 Your Home Made Perfect
03.40 Friends

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

18.46 Lotte and the Moonstone Secret
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 The Bold Type
21.55 Big Little Lies
22.45 Castle Rock
23.45 Our Girl
00.40 Friends
01.00 Friends
01.25 The Office

STÖÐ 2 SPORT

08.50 Valur - Fram 19. maí 14
09.15 FH - Selfoss
10.40 Valur - Haukar
12.00 ÍR - Fram
13.15 1 á 1 Strákarnir á Grillmarkaðnum
14.05 Stjarnan - Haukar
15.25 Njarðvík - Valur
16.55 Goðsagnir - Ragnar Margeirsson
17.25 Grindavík - Keflavík
18.55 Breiðablik - Tindastóll
20.35 Valur - KR
22.35 Breiðablik - KA

STÖÐ 2 SPORT 2

07.50 Los Angeles Lakers - Utah Jazz
09.50 Chelsea - Manchester City
11.35 Cagliari - Parma
13.15 Football League Show 2020/2021
13.45 Torino - Roma
15.25 New York Knicks - New Orleans Pelicans
17.45 Spænsku mörkin 2020/2021
18.40 Hellas Verona - Fiorentina
20.40 Napoli - Inter Milan
22.25 Real Sociedad - Sevilla
00.00 Ensku bikarmörkin 2020/2021

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Full búð af reiðhjólum

Head Junior 16"
Með hjálpardekkjum
27.995,-

Head Ridott I 20"
7 gírar
38.995,-

Head Ridott II 24"
8 gírar og diskabremsur
50.995,-

Head Lauren I 24"
8 gírar
43.995,-

Head Ridott III 26"
16 gírar og diskabremsur
56.995,-

Head I-Peak I 28" Women
24 gírar og diskabremsur. Einnig til herra
62.995,-

Stevens E-Molveno Lady
Rafhjól. Bosch G3 Active. Einnig til í herra
299.995,-

Stevens E-Circle
Rafhjól. Bosch G3 Active
384.995,-

Kíktu á úrvalið á everest.is

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Kanónur sameina krafta sína

Hundrað ár eru síðan ítalska tískumerkið Gucci var stofnað í Flórens af Guccio Gucci. Af því tilefni er komin út lína sem tvinnar saman snið, mynstur og pælingar úr fyrri línum tískuhúsanna Gucci og Balenciaga.

Guccio Gucci starfaði um tíma sem vikapiltur á Savoy-hótelinu í London og lærði þar inn á þarfir og smekk ríka fólksins þegar kom að töskum og farangri. Hann nýtti þessa þekkingu sína þegar hann stofnaði Gucci í Flórens fyrir hundrað árum síðan. Verslunin sérhæfði sig í vönduðum og innfluttum leðurtöskum og öðrum farangri.

Í tilefni hundrað ára afmælis merkisins hefur verið ákveðið að tjalda öllu til. Heimsfaraldurinn flækist þó fyrir, en sýning Gucci á línu sem gerð var í samstarfi við Balenciaga og listrænan stjórnanda þess, Demna Gvasalia, var sýnd í streymi frá The Savoy Club á fimmtudag. Hugmyndasmiðurinn að baki línunni er listrænn stjórnandi Gucci, Alessandro Michele. Hann tekur snið, mynstur og pælingar úr fyrri línum beggja merkja og tvinnar saman. Línan hefur vakið mikla athygli og lof, hún þykir frumleg og ná að sameina helstu kosti merkjanna.

Bæði tískuhúsin eru í eigu sömu samsteypu sem kallast Kering. Hún á fjöldann allan af tískuhúsum á borð við Yves Saint Laurent, Bottega Veneta og Alexander McQueen. Það er þá bara um að gera að krossa fingur og vonast eftir meira spennandi samstarfi á borð við þetta.

steingerdur@frettabladid.is

Klassíska mynstrið sem einkennir Gucci var mikið notað.
MYNDIR/GETTY

Þessi jakkaföt eru skírskotun í föt hönnuð af Tom Ford þegar hann var listrænn stjórnandi Gucci.



Alessandro Michele sagðist hafa reynt að blanda saman ferskleika listræns stjónanda Balenciaga, Demna Gvasalia, og þeim kynþokka sem einkenndi Gucci þegar það var undir stjórn Toms Ford.

Beislin eru vísun í beisli sem eru á klassískum Gucci-töskum. Þau komu í ýmsum stærðum og útgáfum á sýningunni.

Samstarfið er hugarfóstur listræns stjórnanda Gucci, Alessandro Michele.

Línunni var hrósað fyrir frumleika og framsækni, í bland við klassísk snið og mynstur.

Við munum vafalaust sjá þetta tösku-beisli víða á næstu misserum.

Inn á milli fékk litagleðin að njóta sín. Hvítir kragar skreyttu margar flíkur.

Leiðtogi á lægra verði

40 kWh Nissan LEAF
Verð frá: **4.490.000 kr.**
Verð áður frá: 4.890.000 kr.

62 kWh Nissan LEAF
Verð frá: **5.090.000 kr.**
Verð áður frá: 5.490.000 kr.

100% rafdrifinn Nissan LEAF er einn vinsælasti rafbíll landsins og einn sá mest seldi í heiminum. Nýr Nissan LEAF er nú fáanlegur með 62 kWh rafhlöðu sem dregur allt að 385* km. Komdu og reynsluaktu LEAF eða fáðu hann sendan heim til að prófa.

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

TILBÚINN TIL AFGREIÐSLU - TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

www.nissan.is

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur áhrif á drægni rafbíla.

ENNEMM / SIA / NMO055504

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

DORMA
Láttu drauminn rætast

TAX FREE
ÖLL HEILSURÚM*

www.dorma.is
VEFVERSLUN ALLTAF OPIN

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum heilsurúmum nema frá Simba. Afslátturinn er af dýnum, botnum og fótum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
Fáðu blað dagsins sent rafrænt

FRÉTTABLAÐIÐ

Ólafur Egill segir Konungsbók svolítið eins og Agnes biskup, Ævar vísindamaður og fleiri hefðu skrifað bók saman. Hún sé spennubók, grínbók. „Og svo eru Hávamálin auðvitað nokkurs konar sjálfshjálparbók.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þrumuguðinn fer í skólann í kjól Freyju

Ólafur Egill Egilsson opnar Konungsbók fyrir grunnskólakrökkum með myndasögum og bíómyndum þannig að þau geti haft gagn og gaman af dýrgrip sem þjóðin hefur haft til varðveislu í hálfa öld.

Fimmtíu ár verða í vor liðin frá því að Danir afhentu Íslendingum Konungsbók eddukvæða og Flateyjarbók til varðveislu. Þessi tímamót gefa Árnastofnun tilefni til þess að bjóða grunnskólakrökkum á handritaheimkomuhátíð sem verður streymt frá Hörpu að morgni síðasta vetrardags.

„Það er einhver grunnmannlegur sannleikur í þessum sögum öllum og þessum boðskap. Það er allt í þessu,“ segir leikarinn Ólafur Egill Egilsson sem Árnastofnun fékk til þess að leikstýra og skrifa handrit hátíðarinnar sem er hugsuð til þess að „færa börnunum handritin“ með því að kynna fyrir þeim mesta dýrgripinn, Konungsbók eddukvæða.

„Meginstefið í þessari dagskrá er kannski að segja við krakkana: Þetta er ykkar bók. Þetta er ykkar Konungsbók sem við varðveitum en allur heimurinn á hana og það er um að gera að nota hana og njóta hennar,“ segir Ólafur Egill og bætir við að hann hafi skemmt sér konunglega við að setja dagskrána saman ásamt Steineyju Skúladóttur sem einnig er sögumaður.

Þór í brúðarkjól í myndasögunni Hamarsheimt úr Goðheima-flokknum sem opnaði Ólafi Agli ungum leið inn í Konungsbók.

Stigið inn í Goðheima

Ólafur Egill segir sín fyrstu kynni af Konungsbók hafa verið í gegnum hinar vel þekktu, dönsku teiknimyndasögur um Goðheima. „Fyrir mér var innihald Konungsbókar eddukvæða einhvern veginn alltaf mjög áþreifanlegur og lifandi heimur í krafti þessara teiknimyndasagna. Fullur af skemmtilegum og skrýtnum ævintýrum og ótrúlegum karakterum. Ég var alveg heillaður.“

Marvel-hetjurnar Loki og Þór eru þekktustu fulltrúar Konungsbókar í kvikmyndaheiminum.

Í kjölfarið fylgdu síðan hlutverkaspil, kvikmyndir og allt mögulegt annað sem leiddu hann lengra inn í goðheimana. „Það er auðvitað orðið miklu meira um þetta í seinni tíð. Vísindaskáldskapur og fantasíur eru gríðarlega vinsælar í dag og þar eru eddukvæðin auðvitað alger lykill. Útgangspunktur okkar Steineyjar varð dálítið að finna hvar snertiflötur krakka á grunnskólaaldri er við þessar sögur og sagnir.

Þau eru til dæmis ekki að fletta upp í ljósmynduðu útgáfunum af handritunum, eða lesa lærðar ritgerðir en þau kveikja á sögunum sjálfum, söguefninu, persónunum, gríninu og dramatíkinni. Það er það sem við erum svolítið að leggja áherslu á í þessari dagskrá. Að þetta er skemmtilegur og heillandi heimur.“

Karl fer í kjól

Ólafur Egill segir þau hafa gert sér góðan mat úr dægurmenningunni með því að safna saman efni úr bíómyndum, tölvuleikjum og ýmsu öðru sem klippt var saman í ansi magnaða stiklu.

„Svo leikum við Þrymskviðu, sem er ein af skemmtilegustu og aðgengilegustu sögunum og er náttúrlega bara frábær eins og þær allar. Ég meina, það er alltaf gaman að góðum kynusla og að þrumuguðinn Þór skelli sér í kjól til að endurheimta hamarinn sinn er bæði klassískt minni og síungt,“ segir Ólafur Egill og veltir upp spurningum um hvaða lærdóm megi draga af þessu neyðarúrræði Þórs sem alla jafna er karlmennskan holdi klædd.

„Jú, maður þarf auðvitað að vera opinn fyrir því að prófa nýja hluti. Skella sér jafnvel í kjól. Það getur verið lausn á málunum. Að víkja frá stöðluðum hugmyndum um kyn og kyngervi. Svo á maður líka að passa upp á hamarinn sinn og svo er náttúrlega óboðlegt að ætla að skipta á manneskju, eða gyðju, ástargyðjunni Freyju, og hamri. Hámark hlutgervingarinnar. Þetta er allt, held ég, boðskapur sem á enn við og krakkarnir eiga auðvelt með að tengja við.

Nýtt samhengi

Sjálfum finnst mér þessi sagnaheimur svo óendanlega skemmtilegur og ég vona bara að það komist til skila. Í dagskránni fara Steiney og meðleikarar hennar á flug og leika sér með þennan síkvika sagnaarf sem býður upp á endalausa túlkunarmöguleika,“ segir Ólafur Egill sem nálgaðist sagnaarfinn af ákveðinni virðingu.

„Okkur þykir vænt um þessar bækur. Þær eru mikilvægar og dýrmætar en að virða þær þýðir ekki að þær séu svo háhelgar og heilagar að það sé ekki hægt að taka þær aðeins í sundur og setja í nýtt samhengi og endurtúlka þær eins og við gerum.“

RÚV og ruv.is streyma dagskránni sem hefst klukkan tíu á miðvikudagsmorgun.

toti@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Við kynnum Íslandus Dakota

JS WATCH CO. REYKJAVIK KYNNIR MEÐ STOLTI NÝTT ÚR TILEINKAÐ HINU HEIMSFRÆGA FLUGVÉLARFLAKI Á SÓLHEIMASANDI. ÚRIÐ ER SVOKALLAÐ FLUGMANNA EÐA PILOT ÚR OG HEITIR ÍSLANDUS DAKOTA C-117. ÚRIÐ ER FÁANLEGT MEÐ SILFRAÐRI EÐA SVARTRI SKÍFU OG BRÚNNI EÐA SVARTRI LEÐUR ÓL.

ÍSLANDUS DAKOTA C-117
SILFRUÐ SKÍFA MEÐ SVÖRTUM SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM MEÐ BRÚNNI KÁLFAÓL ÚR ÍTÖLSKU LEÐRI

ÍSLANDUS DAKOTA C-117
SVÖRT SKÍFA MEÐ KREMUÐUM SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM MEÐ BRÚNNI KÁLFAÓL ÚR ÍTÖLSKU LEÐRI

Sólheimasandur

63.459121°N, – 19.364734°W

GILBERT ÚRSMIÐUR
FAGMAÐUR Í YFIR 50 ÁR

DAKOTA C-117
U.S. NAVY DOUGLAS DAKOTA C-117

JS Watch co.
REYKJAVIK
WWW.JSWATCH.COM

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Neysluvargur í véum

Við þorpið þar sem ég bý liggur langur göngustígur meðfram umferðargötu og á lágsléttu sem lumar vart á nokkru sem augað vill gæla við. En þar sem þetta er göngustígur hópast fólk þarna unnvörpum í útivistargöllunum sínum. Þessi smekkleysa mannfjöldans kemur sér vel fyrir mig sem get farið grímulaus um sjaldfarinn slóðann sem liggur gegnum skóga og ólífurakra, undir klettahömrum í djúpum dal, hlustað á söng fuglanna og gleymt því að fjórhjóla-amstur hafi nokkurn tímann verið fundið upp.

Maður þarf ekki að vera lærður til að sjá að meirihlutanum eru oft mislagðar hendur þegar kemur að smekk og dómgreind, um það vitna bæði kosning Donalds Trump og vinsældir Aerosmith. Og nú er það lenska að fá sem mestar upplýsingar á sem skemmstum tíma, sjá myndband sem sýnir augnablikið þegar kötturinn stekkur á skugga sinn, fallegustu mörkin á færibandi, lesa þrumandi fyrirsagnir eða spakmæli í fáum orðum, stunda samskipti í símskeytaformi, borða tilbúna rétti og fá drátt án viðreynslu og viðkynningar. Vissulega eru þetta girnilegir skyndibitar en hins vegar er hitt hollara að skella skollaeyrum við þessu öllu, grípa þykka bók og gleyma sér við lestur tímunum saman, finna söngheftið og fylgjast með heilli óperu, sjá alla tónleika Led Zeppelin í Madison Square Garden eða gleyma sér á endalausu vinaspjalli með einhverjum sem hefur ekki einu sinni samrekkt neinum frægum.

Er mannskepnan orðin að neysluvargi nú þegar hún lifir lífinu eins og það væri niðursoðinn nýlenduvarningur? Svar óskast í handhægum umbúðum.

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS

Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGUM
BY BRINKHAUS

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF RÚMFÖTUM

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

KYNNTU ÞÉR VINSÆLA GJAFABRÉFIÐ OKKAR

FRÍR FLUTNINGUR* UM ALLT LAND
*NEMA ÚT ÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Á VEFVERSLUN OKKAR

VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa
★★★★★

BALDURSNES 6 - AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.